A large, rugged mountain peak with a climber at the top.

# ÍSALP

ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS 1985





# Ævintýri í Hollandi

fyrir pabba, mömmu, börn og bíl

Það er varla hægt að ímynda sér frjálslegra og ljúfara sumarleyfi en „Flug og bíl” í Hollandi. Og það er ekki nærrí eins dýrt og ætla mætti, meðal annars vegna þess að bíla-leigubílar eru ódýrari þar en í nokkru öðru landi í Evrópu, og þótt víðar væri leitað. Um leið og lent er í Amsterdam opnast þúsund möguleikar til að eiga eftirminnilegt sumarfrí. Gamanið byrjar strax í borginni sjálvri því Amsterdam er einstaklega falleg og vingjarnleg borg. Þar er margt að sjá. Það er auðvitað sjálfsgað að fara í siglingu um síkin, því í leiðinni færð þú að vita ýmislegt um borgina og sögu hennar. Og það er gaman að eyða nokkrum dögum í að skoða sögu- legar byggingar og nokkur af merki-legustu listasöfnnum heimsins. Kvöldin eru ekki síðri því á sumrin er götulíf einkar fjörugt og veitingastaðir fleiri og fjölbreyttar en viðast annars staðar.

En þótt Amsterdam sé skemmtileg er óþarfi að eyða öllu sumarfrínu þar, enda stutt út í grösugar sveitir og á staði sem eru vel heim-sóknar virði. Í Hollandi eru fjölmargir gammil kastalar og hallir og líka lítil, aðlaðandi sveitaborp. Það er með Holland eins og önnur lönd í Evrópu að verðlag lækkar töluvert þegar komið er út úr borgunum og því er oft hægt að fá ódýran gistingu og ódýran og góðan mat í þessum lítil sveitaborpum. Svona ferðalög eru ekki síst skemmtileg fyrir börn og ekki sakar að vítt og breitt um



Í Hollandi eru tugir tívörla og skemmtigerða, viðsvegar um landið.

landið eru tugir af tívörlum og skemmtigörðum þar sem þau geta dundað sér tímunum saman.

Það eru auðvitað fleiri möguleikar en að akva um landið. Það mælir til dæmis ekkert gegn því að sameina flugvél, bíl og bát. Framtakssamir menn hafa tekið gamla, dæmigerða fljótapramma og breytt þeim í fljótaudi lúxushótel með gamaldags innrétingum. Í þessum bátum eru allt að tólf tveggja manna klefar, með sturtu og salernum og sameig-inlegum matsal og setustofu. Á bátunum er hægt að fara í þriggja til sjö daga siglingar um síki og ár Hollands. Það er stoppað hjá litlum sveitaborpum meðfram ánum og farið á markað eða í gönguferðir. Cordon Bleu matreiðslumeistarar á fljótaudi hótelunum gera sitt besta til að hleypa fólk i spik svo þessar

gönguferðir geta verið dálítið nauðsynlegar.

Ef þú vilt siglingu með dálítið meiri ævintýrablað er hægt að fara í nokkura daga leiðangra á indíána-bátum. Það eru kannske sex til tju bátar í hverjum leiðangri og róið í rölegheitum eftir ánum inn í landið. Á kvöldin eru bátarnir dregnir að landi á einhverjum friðsælum stað, slegið upp tjöldum og kveiktur varðeldur. Þetta eru pakkaferðir þannig að þú þarf hvorki að hafa með þér indíána-bátinn þinn né tjaldið.

Það er engin hætta á að nokkur verði sjóveikur á lygnum ám Hollands, en ef þú ert bara almennt á móti vatni, og hefur ekki bílpróf, má benda á að Holland er flatara en allt sem flatt er. Og þar er mikill fjöldi af reiðhjóla-legum. Það er töluvert um að ungt fólk ferðist um landið á reiðhjólum og þeir sem eru frekar latir við að hamast á pedölunum geta fengið hjól með litlum hjálparmátor. Þetta er mjög ódýr ferðamáti og góður fyrir „línurnar”.

Frá Hollandi er svo auðvelt að víkka sjóndeildarhringinn með því að keyra þvers og kruss niður um Evrópu. Þá er það bara tíminn sem þú hefur sem sker úr um hvort þér tekst að heimsækja Þýskaland, Belgíu, Luxemburg, Frakkland, Sviss, Liechtenstein, Austurríki, Monaco, Andorra, Spán, Portúgal, Ítalíu og San Marinó á einu bretti.

Nánari upplýsingar á söluskrif-stofu Arnarflugs og á ferðaskrifstofum.

## ARNARFLUG

Lágmúla 7, sími 84477.

## Efnisyfirlit

Aiguille Du Plan .....	Bls. 6
Ástvaldar Eydal minnst .....	— 11
Leiðarvísir: Leiðir í Bratta .....	— 12
Klettaklifurmót .....	— 16
Sithvað um brodda .....	— 18
Að gráða klifur .....	— 22
Leiðarvísir: Esja .....	— 24
Garðyrkja og fjallgöngur: viðtal .....	— 42
Broddi á Bretlandseyjum .....	— 46
Aconcagua 1984 .....	— 48
Fossarnir í skarðinu .....	— 50
Alpar! Hér erum við .....	— 52
Ársskýrsla stjórnar ÍSALP 1984 .....	— 54
Félagsstarf .....	— 56
Fréttapistill .....	— 59

Forsíðumyndina tók Jón Geirsson í hömrúnunum vestan Kerhólkambs, Vesturbrúnunum. Í fjarska sér yfir Kjalarnes.

### ÚTGEFANDI:

Íslenski Alpklúbburinn — Félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku  
Þósthólf 4186, Reykjavík.

### RITNEFND:

Magnús Guðmundsson, ábm. (26357)  
Hermann Valsson (78485)  
Margrét Juliusdóttir (34667)  
Salbjörg Óskarsdóttir (37826)  
Þorsteinn Guðjonsson (32666)

### UMBROT OG FILMUVINNA:


Offsetvinnustofan REPRÓ

### LITGREINING:

Korpus hf.

### SETNING OG PRENTUN:

Formprint



ÁRSRIT ÍSLENSKA  
ALPAKLÚBBSINS  
1. TÖLUBLAÐ  
SEPTEMBER 1985

# Frá ritnefnd

Ágæti félagsmaður og lesandi.

Þetta nýja rit sem þú hefur nú fengið í hendur markar kaflaskil í útgáfumálum Íslenska Alpklúbbins. Héðan í frá verður gefið út eitt svona rit á ári. Umbúnaður er annar, brotið stærra og blaðsíðufjöldinn tvöfaltaður frá því sem áður var. En til hvers gefum við út svona blað? Jú, til að fylgja eftir markmiðum ÍSALP sem eru að styðja og styrkja fjallamennsku á Íslandi. Og hvernig getur svona rit þjónað þessu hlutverki? Okkar hugmyndir eru þessar: Með því að birta frásagnir og myndir af áhugaverðum fjallgöngum og klifri, fræðandi greinar um útbúnað og tæknileg atriði, þætti úr sögu fjallamennsku og skrá þá sögu um leið og hún verður til. Þannig verður ritið í senn fréttablað og heimild fyrir seinni tíma. Síðast en ekki síst á svona rit að vera vettvangur umræðu um þau mál sem í brennidepli eru hverju sinni í tengslum við fjallamennsku. Til að þessi markmið náist þarf virka gagnrýni, sem miðar að því að byggja upp en ekki brjóta niður.

Gott fólk! Útgáfa á riti sem þessu er mjög dýr, raunar svo dýr að það er á mörkunum að Klúbburinn ráði við það. Bjartsýnin ein hrekkur ekki til, hvort framhald verður á útgáfunni í þessu formi veltur á viðtökum ykkar. En, ef allir borga árgjöldin skilvislega þurfum við ekki að kviða framtíðinni.

Magnús og Þorsteinn

### STJÓRN ÍSALP:

Formáður: Guðjón Ó. Magnusson (77753)  
Gjaldkeri: Guttormur Þórarinsson (22712)  
Ritari: Magnús Guðmundsson (26357)  
Varaform.: Torfi Hjaltason (667084)  
Meðstj.: Hermann Valsson (78485)  
Jón Geirsson (42133)

### FERDA- OG FUNDANEFND:

Guðjón Ó. Magnusson, form.  
Hermann Valsson

Jon Geirsson  
Petur Ásbjörnsson (41428)

BÓKAVÖRDUR:  
Halldór Guðmundsson (686090)

### FRÆÐSLUNEFND:

Torfi Hjaltason, form.  
Arnór Guðbjartsson (54754)

Helgi Benediktsson (79605)

HUSVERÐIR:  
Finnbogi Rognvaldsson  
Halldór Guðmundsson

### SKÁLANEFND:

Guttormur Þórarinsson, form.  
Guðjón O. Magnusson

Jon Geirsson  
Jon H. Olafsson (36082)  
Jon Rafnsson (79605)

# koflach 85

Leiðandi merki í  
fjallgönguskóm.  
Notaðir af fremstu  
fjallamönnum Íslands



Thomas Bubendorfer ráðgjafi Koflach í gerð klifurskófatnaðar.

## Viva Soft

Sumar- og vetrar-fjallaskór.  
Hálfstífur, henta sérstaklega vel  
fyrir björgunarsveitir og þá sem  
gera kröfur.



## Big Wall

Klettaklifurskór fyrir erfiðar  
og meðalerfiðar klettaleiðir.

## Polo

Léttir plastgönguskór, fyrir  
allar almennar léttar  
göngur.

## Lhasa

Ahlíða léttir og meðfærilegir  
gönguskór. Fyrir léttu göngu.



# Vesturröst hf

Laugavegi 178, R.,  
sími 16770 — 84455

# Kynnist Íslandi af eigin raun.

Ferðafélag Íslands býður upp á fjölbreytt ferðaúrval.

Í árbókum Ferðafélagsins er að finna lýsingu á mest öllu Íslandi.

Hafið Íslandskort Ferðafélagsins með í ferðalagið. Það er einnig vegakort.

**Ferðafélag Íslands**

Kynnið ykkur Ferðaáætluhina.



## Ísalp félagar

Ferðafélagið hefur nýlega gefið út bókina „Gönguleiðir að Fjallabaki”, höfundur er Guðjón Ó. Magnússon.

Þetta er handhæg bók, sem hefur að geyma bæði leiðalýsingar og margvíslegan fróðleik annan um Friðlandið að Fjallabaki.

Guðjón Ó. Magnússon  
Gönguleiðir að Fjallabaki



**Fæst hjá Ferðafélagi Íslands og í bókabúðum**

# Aiguille Du Plan

EFTIR KRISTINN RÚNARSSON



*Aiguille Du Plan (3673 m).*

„Hvar eru þeir? Sérðu þá?“

„Ég sé allavega einn þarna fyrir ofan ljósa blettinn“, svaraði Jón. Ég rýndi upp í klettavegginn og reyndi að fylgja eftir handarbendingu Jóns. Sá marga ljósa bletti en engan mann.

„Peir hljóta að vera hérna neðst, það heyrist svo vel í þeim.“

„Nei“ svaraði Jón ópolinmóður, „hann er þarna lengst uppi.“

„Ja, skítt með það. Þetta hlýtur að vera dvergur,“ tautaði ég, leiður á að sjá aldrei það sem aðrir sáu.

Við undirritaður og Jón Geirsson, vorum staddir undir norðvesturvegg Aguiile du Blaitiére í frönsku ölpunum. Ætlunin var að klífa nágrannafjall Blaitiére, Ag. du Plan (3673 m). Leiðin sem við ætluðum var bæði ís- og klettaklifurleið (TD), sem bauð upp á að vera klifin í tveimur áföngum. Fyrst upp klettabrygg sem skagaði upp í hangandi falljökul. Efst á hrygnum var yfirleitt bívakkað en síðan lagt í falljökulinn seinnipart nætur þegar jökkullinn var öruggastur.

Það var einhver þægileg ró yfir okkur þennan sólbjarta dag enda höfðum við daginn fyrir okkur til að klífa 500 m langan klettabrygginn. Jón

byrjaði á að leiða. Ég hélt áfram að rýna upp í norðvesturvegg Blaitiére, meðan línan rann út. Loks kom ég auga á mann, og annan. Stærðin á veggnum hafði blekkt mig, hann var mikil stærri en ég hélt. Áður en ég vissi af var ég farinn að dunda mér við að telja klifrarana í veggnum. Ég hafði talið tólf þegar ég finn að línan kippir í. Ég öskra upp til Jóns og legg af stað þegar ég fæ öskur til baka. Klifrið reynist hið skemmtilegasta, í bergi sem á ekki sameiginlegt með íslensku móbergi en nafnið eitt.

Þegar ég kem upp að Jóni segi ég honum sigri hrósandi frá þeim tólf sem ég hafði séð á Blaitiére. Hann spælir mig með því að segjast hafa talið fimmtán. Ég held áfram og nýt þess út í ystu æesar að klifra rólega og yfirvegað. Veg og met hverja festu og hverja hreyfingu. Reyni síðan að samræma hug og hönd, en geri svo eitthvað allt annað en ég hafði hugsað mér.

Það var farið að halla af degi þegar við komum loks að ákjósanlegri bívakksyllu ofarlega á hrygnum. Þar voru að vísu fyrir 5 eintök af vel græjuðum Spánverjum, en þeir tóku okkur opnum örnum og buðu okkur glaðir að deila með sér syll-



Í klettunum neðst í Plan. Ljósm. Jón Geirsson.

unni. Jumarar, vinir, hnetukippur og ísskrúfusett báru þess vitni að þetta voru pottþéttir menn og fixuð lína upp frá syllunni gaf til kynna að seinustu spannirnar upp að jöklinum höfðu verið kannaðar af pottþéttum mönnum.

Eftir að hafa hitað okkur vatn og juðað í okkur snackpott og öðru matarkyns tókum við til við að dúða okkur í allt sem dúðast mátti. Mér var orðið reglulega hlýtt og það var notalegt að horfa á ljósin niðri í dalnum og hlusta á kliðinn frá næturlífinu í Mekku alpaklifrarans, Chamonix, meðan ég sötr-aði í mig heitt kaffið 2000 m ofar. Annað slagið hrökk ég þó upp af unaðslegum næturlífsdraum-órum mínum við ógnvekjandi drunur frá hangandi falljöklinum, þegar hann ruddi fram af sér dags-verkinu.

Þó að syllan sem við höfðum hreiðrað um okkur á hallaði huggulega innávið, þótti okkur samt öruggara, að setja um okkur línu og tryggja okkur fyrir svefninn svo að ferð okkar inn í draumalandið fengi ekki harkalegan endi 400 m neðar.

Ég rankaði við mér eftir hænublund að því er mér fannst. Mér var hrollkalt. Ég hugsaði með öfund til Spánverjanna sem allir höfðu haft

svefnpoka og dýnur. Ég reyndi aðeins að hreyfa mig en þá skrjáfaði svo í hlífðarfötunum að mér fannst sem það bergmálaði í fjöllunum. Ég blótaði sjálfum mér fyrir að hafa ekki haft rænu á að vefja mig í álteppið sem ég var með. Að taka það upp núna myndi kosta gífurlegt skrjáfur.

Þetta var óþægileg aðstaða. Ég hafði um two kosti að velja, báða slæma. Annað hvort að skjálfa áfram eða vekja sex manns af værum blundi. Eins og sannri hetju sæmdi valdi eg verri kostinn.

Hljóðið var eins og þegar rifinn er upp tveggja fermetra franskur rennilás og sex manns vöknudu. Enginn sagði orð svo heyrði ég að Spánverjinn sem svaf mér til fóta reis snöggt upp og horfði til mína. Ég sá ekki svipinn á honum en ímyndaði mér hann. Upp í huga mér kom sagan af spænska vörubil-stjóranum sem henti konunni sinni út um gluggann af því að hún hraut. Ósjálfrátt fékk ég reflex í lappirnar sem drögust að mér.



Klukkan tvö bíbbaði úrið mitt og ég ræsti liðið, nú með góðri samvisku. Klukkutíma seinna, í þann



Kristinn reimar skóna sína á syllunni, þar sem þeir létu fyrirberast um nöttina. Ljósm. Jón Geirsson.

mund er við vorum að leggja af stað, var næturkyrðin rofin með griðarlegum skruðningum. Enn var það jökullinn að minna á tilveru sína. Ákveðið var að fresta brottför um klukkutíma í þeirri von að um hægðist á jöklínnum.

Það kom sér ágætlega fyrir okkur að Spánverjarnir höfðu kannað leiðina upp að jöklínnum, því hún reyndist drjúg og ekki auðrötud í myrkruinu.

Það er alltaf viss stemning að klifra í næturkyrðinni. Horfa á höfuðljósið á næsta manni ruggast ofurhægt að manni eða frá. Myrkrið og kyrrðin valda því að menn ósjálfrátt lækka róminn og hálf hvílast á milli. Engin öskur og engin köll. Maður einfaldlega finnur það á einhvern ofurskynjanlegan hátt hvenær línan er komin á enda eða félagi manns er búinn að tryggja.



Þegar við komum upp að jöklínnum eru þrír Spánverjarnir lagðir af stað, hinir tveir að broddast.

Annar þeirra ber sig aumlega við okkur, segist vera veikur og sníkir vatn. Ég aumka mig yfir hann og horfi síðan á hann með samúð teyga helminginn úr vatnsbrúsanum mínum.

Fyrstu ísspannirnar voru ekki erfiðar en við fengum þó sýnishorn af því sem koma skyldi. Ísinn var grjótharður og stökkur. Oftar en ekki sprengja axirnar bara ysta lagið án þess að festast. Eftir fjórar spannir án trygginga höfum við náð hinum Spánverjunum þremur. Einn þeirra er að pjakka sig upp 25 metra háan ísvegg og virðist allt annað en ánægður með útlitið.

„Heldurðu ekki að það sé betra að fara þarna út fyrir?“, segi ég við Jón, alltaf reiðubúinn að finna einhverjar billegar lausnir. Jón leit þangað sem ég benti, að jaðri jöklusins þar sem virtist vera flái upp.

„Mér líst ekki alltof vel á að fara undir þessa séraca þarna“, svaraði hann síðan eftir smá umhugsun. Eftir að hafa rökrætt málid um stund ákveðum við þó að skoða þá leið.

Við virtumst hafa veðjað rétt því þegar við komum út fyrir ísvegginn og séracana blasti við okkur löng ísbrekka, sem var líkleg til að spara okkur talsvert skriðjöklus- og sprunguklifur.

Jón byrjaði á að leiða og fór greiðlega. Þegar línan var runnin öll út setti hann inn millitryggingu, og við klifum báðir í einu. Eftir 150 m vorum við komnir ísbrekkuna á enda, komnir upp undir kletta. Nú var komið að mér að fara á undan. Eini möguleikinn var að traversa inn á falljökulinn. Eftir 20 m setti ég inn millitryggingu, eftir 10 m í viðbót setti ég inn aðra.

„Hver djöfullinn er þetta, er brattinn að aukast eða er það bara ég sem er taugaóstyrkur“, hugsaði ég með sjálfum mér. Ég hélt áfram, blótaði svo sjálfum mér fyrir að setja ekki lykkju í millitryggingarnar þegar ég fann hve viðnámið á línumi var orðið mikið.

Eftir að hafa traversað um 100 m varð mér ljóst að ísbrekkan okkar góða var rifin frá falljöklínnum með 20-30 m háum ísvegg. Við vorum hundrað metrum of ofarlega til að komast auðveldlega út í falljökulinn aftur. Ég hélt þó áfram aðeins lengra í bjartsýnistrippi um að finna hið ómögulega, auðvelda leið úr ógöngum.

„Mér líst ekki alltof vel á framhaldið“, sagði ég við Jón þegar hann kom þar sem ég hafði tryggt hann.

„Gætum þurft að síga.“

„Nei, er það“, svaraði Jón, ekki alls kostar sáttur við þessa tillögu.

Eftir að hafa leitt út fimm metra af ísveggnum í tilraun til að skáskera hann niður stoppaði Jón. leit



Lagt í klifrið seinni daginn. Ljósm. Jón Geirsson.

niður fyrir sig og síðan til mín. Tók síðan til við að höggva með ísexinni í vegginn fyrir neðan sig af miklum móð.

„Hvað er maðurinn að hugsa? Ætlar hann að spæna sér göng niður vegginn?“

„Kiddi! Ég held að við ættum að fórna einni skrúfu og síga hér.“

Mér létti stórum og var fljótur að samþykkja.



Komnir aftur niður á falljökulinn, settumst við niður og fengum okkur í gogginn. Spánverjarnir þrír voru nú komnir á undan okkur og höfðu valið sér leið upp rás hinum megin í jaðri jöklusins. Við ákváðum að reyna við hana einnig enda engin önnur fær leið sjáanleg. Fyrstu spannirnar lofuðu góðu en eftir þrjár spannir endaði rásin skyndilega í eins konar íshvelfingu. Slútandi beint framundan en brattir ísveggir til beggja handa. Þarna var fyrir spænska trúóið og einn þeirra var kominn langleiðina upp vinstri vegginn, sem virtist heldur minna brattur.

Petta var greinilega kaldur karl (hann hafði leitt allan tímann), en góður ískliffrari. Hann hafði sett

inn millitryggingu eftir 5 m og klifið svo hina 30 án þess að setja inn aðra.

„Ekki líst mér á það“, sagði Jón og horfði áhyggjufullur upp í vegginn sem Spánverjarnir voru að pjakkast í.

„Hvernig líst þér á að reyna hérna megin?“, sagði ég af heimskulegri einfeldni og benti á vegginn hinum megin.

„Þetta er mikið brattara“, svaraði Jón en bætti svo við eftir stutta umhugsun:

„Það má svo sem reyna. Settu þá inn tvær.“

Ég hóf þegar að setja inn ísskrúfurnar. Sú fyrri smaug léttilega inn. Sú seinni gekk verr. Hvernig sem ég reyndi að negla eða skrúfa kom ég ekki helvítis skrúfunni inn.

„Kanntu ekki að setja inn ísskrúfu?“ hreytti Jón ergilega útúr sér, leiður á saumakonuhandtökum mínum við hlutina.

Mér var ýtt frá. Ég snéri mér undan og bað guð að forða mér frá þeirri auðmýkt að horfa á Jón setja inn ísskrúfuna.

Ekki vissi ég að við værum vinir. En eftir undirkektunum að dæma vorum við góðir vinir því sá almáttugi sá um að skrúfan fór ekki inn heldur út. Og það sem meira var, út kom hún með kengbogna



Erfiðasta spönnin (cruxið). Ljósm. Kristinn Rúnarsson.

brodda og afskrældan skrúfgang. Ég hélt mannorðinu.

Tilraun okkar til að klífa vegginn hægra megin endaði í tveggja metra hæð. Hann var of brattur. Við settumst því niður og biðum eftir okkar tækifæri til að klífa vegginn vinstra megin. Jón var enn eitthvað áhyggjufullur.

„Eins gott að við komumst upp hérna“, muldraði hann og horfði á eftir seinasta spánverjanum böðlast upp með miklum stunum og hamagangi.

„ÉG vorkenni ekki manni sem hefur farið Grafarfossinn tvisvar sinnum að leiða þetta. Þetta er ekki SVO erfitt,“ sagði ég, bæði til að stappa stálinu

í Jón og til að taka af öll tvímæli um mitt hlutverk í klifri næstu spannar.

„Prisvar sinnum,“ leiðrétti Jón og gott ef brúnin lyftist ekki aðeins á honum.

Mér sýndist Jón klifra vegginn af yfirvegin og öryggi þaðan sem ég stóð og reyndi að skýla mér fyrir ísnálaskæðadrífunni.

„Kannski er þetta ekki svo erfitt“, hugsaði ég með sjálfum mér, nú til að hughreysta sjálfan mig.

„Erfitt?“ spurði Jón og glotti þegar ég skreið upp á brúnina titrandi af áreynslu og breytu, likari manni í flogaveikiskasti en fjallaklifrara.

„Ég hefði ekki viljað leiða þetta,“ dæsti ég útúr mér milli andkafanna, en hugsaði allt annað.



Þrjár spannir til viðbótar skiluðu okkur upp á snjóhrygg þaðan sem var auðvelt labb seinasta spölinn upp á topp. Loksins gat maður slappað af. Við settumst því niður til að næra okkur og pústa út. Ég tók upp prímusinn og hóf að braða vatn. Spænska tríóið var þarna að sleikja seinustu nestisleifar sínar í orðsins fyllstu merkingu því það eina sem þeir áttu eftir af nesti sínu var 25 g af svissneskum smurosti og 35 g af franskri sultu. Og þegar þeir svo buðu okkur ost og sultu af miklu örлæti varð mér ljóst hvað undir bjó.

Ég braðdi 3 lítra af vatni sem rann jafnt niður í alla viðstadda við góðar undirtektir. Og áður en yfir lauk hafði spænska tríóið heitið því, hrærðir yfir hinu íslenska örлæti, að bjóða okkur upp á bjór við fyrsta tækifæri.

Í þann mund er við vorum að leggja af stað aftur heyrðum við hróp. Þetta var frá spænska dúettinum sem var flúinn út í klettana hinum megin við falljökulinn og áttu þá tölubert klifur eftir.

„Þeir ná ekki upp í dag“, sagði einn Spánverjinn við mig og hristi hausinn eftir að hafa kallast á við félaga sína.

Ég fékk hroll af tilhugsuninni vitandi af því að þeir voru vatnslausir og líklega einnig matarlausir.

„Jón við skulum drífa okkur svo við náum kláfnum niður.“

April 1985



# Ástvaldar Eydal minnst

Áður fyrr var ekki mikið um það að menn sækta í fjallaklifur út fyrir landsteinana.

Um aldamótin fréttist þó af einum, Þórði Guðjohnsen, sem kleif fjöll í Ölpunum og Lapplandi, en hann var búsettur í Danmörku.

Fleiri sigldu í kjölfarið, þeirra á meðal var landfræðingurinn Ástvaldur Eydal. Ástvaldur var Skagfirðingur, fæddur á Steinsstöðum árið 1906. Hann stundaði nám í landafræði í ýmsum löndum. Þá kennið hann við Háskólann í San Fransisco, þar sem hann bjó til dauðadags.

Á fullorðinsárum sínum fékk Ástvaldur mikinn áhuga á fjallgöngum og eitt fyrsta afrek hans á því sviði, var að ganga á Mt. Rainer, 4302 m á vest-

urströnd Bandaríkjanna. Ekki létt hann þar við sitja, árið 1975 gekk hann á 3 tinda yfir 5000 m. Fyrst var það hæsta fjall Ecuador, Chimborazo, 6270 m. Á það gekk Ástvaldur 21. febrúar 1975 og var þá á 69. árinu. Þar með setti hann nýtt íslenskt hæðarmet í fjallgöngum, sló met Agnars Kofoed-Hansens, sem árið 1966 gekk á hæsta fjall Afríku, Kilimanjaro, 5895 m. Ástvaldur átti metið allt til janúar 1984, er Hermann Valsson komst á topp Aconcagua í Argentínu, 6959 m, sem jafnframt er hæsta fjall Ameríku. Í marsmánuði þessa sama árs, 1975, gekk Ástvaldur svo á 2 fjöll í Mexico, Pico de Orizaba, 5700 m og Popocatepetl, 5452 m.

Salbjörg Óskarsdóttir



Chimborazo í Ecuador.

# Leiðir í Bratta

EFTIR GUÐJÓN Ó. MAGNUSSON

Í 12. og 13. hefti Ísalp var Botnssúlusvæðinu lýst, ásamt helstu göngu- og klifurleiðum. Frá því að bessir 2 leiðarvisar (nr. 6 og 7) birtust hefur Bratti skáli Íslenska Alpaklúbbsins í Botnssúlum, verið reistur og hefur öll aðstaða til fjallamennsku því batnað. Umferð gangandi fólks hefur nú aukist til muna á svæðinu og þá sérstaklega í tengslum við skálann. Í þessum leiðarvísí verða helstu gönguleiðir upp í Bratta teknar fyrir. Stuðst verður við fyrrí lýsingar enda er í sumum tilfellum um svip-áðar leiðir að ræða.

Þegar gengið er upp í Bratta verður að hafa það hugfast að veður í Botnssúlum geta verið mjög ill og skyggni oft lélegt. Nauðsynlegt er í öllum tilfellum að vera vel útbúinn, bæði vetur og sumar.

Besta kort af svæðinu er kort 1613 I Þingvellir, mælikvarði 1:50 000, frá Landmælingum Íslands. Staðarákvörðun Bratta á því korti er 924358, en hann stendur efst í Súlnadal vestan undir Bröttuhlíð á Miðsúlu. Einnig má nefna Atlasblað nr. 36; Botnsheiði, kvarði 1:100 000, frá Landmælingum Íslands.

Þær leiðir, sem nú verður lýst, eru algengustu og skemmtilegustu gönguleiðir upp í Bratta að mínu mati. Að vetrarlagi (nóv.-mai) er tilvalið að vera á göngu- eða fjallaskíðum, en á sumrin á tveimur jafnfljótum. Áætlaður göngutími miðast í öllum tilfellum við sæmilegt göngufæri og útbúnað í bakpoka til gistingar í Bratta.

## Einstakar leiðir

Nr. 1 Frá Svartagili um Miðsúludal og Öndruskarð upp í Bratta (austan Súlnagils).

Stysta gönguleið úr byggð í Bratta er frá eyðibýlinu Svartakoti í Þingvallasveit. Þangað er yfirleitt fært á bíl allt árið um kring, en á snjóþungum vetrum spillist oft færð þangað. Leiðin er auðveld, en þó þarf að brörla dálitið upp Súlnaberg. Óvönum skal bent á leið nr. 2, vestan Súlnagils er auðveldari.

Loftlína: 6 km.

Lóðrétt hækkun: 740 m.

Lóðrétt lækkun: 80 m (úr Öndruskarði niður í Bratta)

Áætlaður göngutími: 3-4 klst.

Klifurgráða: rétt nær að teljast I. gráðu snjóklifur að vetrarlagi:

Lagt er upp frá eyðibýlinu Svartagili í Þingvallasveit, gengið upp á milli Svarta- og Súlnagils, tekin stefna á Miðsúlu. Bratt er fyrsta spölinn upp frá Svartagili, en síðan tekur við minni halli. Þegar komið er upp fyrir Súlnagil, verður landslag meira aflíðandi, en aðeins um stundarsakir (1,5 km.) því að brátt er komið að Súlnabergi, er klifið þar upp, 300 m hækkun á 1,5 km. Best er að fara upp gil eitt, rétt norðan við stóran Stein, sem liggur þarna neðst í hliðinni (sjá mynd 1). Gilið og framhald þess er létt klifur, sem rétt nær að teljast I. gráðu snjóklifur að vetrar- og vorlagi. Þegar komið er upp í mynni Miðsúludals í um 750 m hæð, blasir við Miðsúla og austurhryggur Syðstusúlu. Héðan er stefnt í Öndruskarð (milli Syðstu- og Miðsúlu). Oft er snjóhengja að vetrarlagi í skarðinu og best að fara upp nyrst (við Miðsúlu) enda er skarðið bæði lægst þar og auðveldast uppgöngu. Í björtu blasir Bratti við, efst í Súlnadal. Nokkuð bratt er niður í dalinn og auðveldast að velja sér leið sunnan megin í skarðinu og taka síðan stefnu meðfram hliðum Miðsúlu niður að Bratta. Eins og áður er getið stendur Bratti vestan undir Bröttuhlíð á Miðsúlunni. Skálinn er uppi á litlum hól, en um 50 metrum ofar í hliðinni er varða með stikum í.

Nr. 2: Frá Svartagili (eða Fossabrekum) um Öndruskarð upp að Bratta (vestan Súlnagils).


Auðveld göngu- og skíðaleið. Ef færi leyfir má benda á jeppaveg, sem liggur frá sandnámunni einum kílómetra neðan við Svartakot, upp að Fossabrekunum. Þá styttist gönguleiðin um 2 km.

Loftlína: 7 km frá sandnámunni

Lóðrétt hækkun: 760 m.

Lóðrétt lækkun: 80 m (úr Öndruskarði niður í Bratta)

Áætlaður göngutími: 3 1/2 – 5 klst. Styrttri, ef ekki er eftir sloðinni upp að Fossabrekum.



Bratti. Ljósm. Kristinn Rúnarsson.

Lagt er af stað frá Svartakoti eða sandnámunni og tekin stefna á Leggjarbrjót, skarð milli Botnsúlna og Búrfells. Landslag á þessari leið er afliðandi og hækkar jafnt og þétt. Ef gengið er eftir slóðinni, þ.e. sunnan Hrútagils þarf ekki að fara niður í Súlnagil. Hægt er þó að komast yfir Súlnagil rétt norðan við Orrustuhól. 40-50 m lækkun er niður í það. Siðan er gengið upp vestan með gilinu, sem er viða 80-100 m djúpt og þverhnýpt, og stefnt að austurenda Syðstusúlu í mynni Miðsúludals (sjá mynd 1). Þar sameinast þessi gönguleið leið nr. 1.

**Nr. 3: Frá Brynjadal, um Súlnadal upp í Bratta.**  
Skemmtileg og auðveld leið, gengið er frá Hrískoti, innsta bæ í Brynjadal upp í Súlnadal og í Bratta.

Loftlína: 8,5 km  
Lóðrétt hækkun: 750 m  
Áætlaður göngutími: 3 1/2 – 5 tímar

Gengið er inn Brynjadal frá innsta bænum, Hrískoti, um lágvaxið birkikjarr. Þegar komið er að Þórisgili, sem er djúpt gil með hvítfreyðandi fossum, er stefnan tekin upp á Sandhrygg, fyrir neðan Vestursúlu. Siðan er haldið áfram og gengið vestan undir Vestursúlunni. Best er að halda sig austan við Sandvatn á vörðuðu leiðinni yfir Leggjarbrjót, þar til komið er upp í mynni Súlnadals. Þar blasir við Botnshorn, vesturendi Syðstusúlunnar, tilkomumikið hamrabelti. Úr mynni Súlnadals sést Bratti greinilega í góðu skyggni. Leiðin þangað er auðrötud, og án erfiðleika en best er að halda sig norðan megin dalsins. Skálinn sést lengi vel á leið upp dalinn, en hverfur undir síðustu brekkunni. Hann kemur ekki aftur í ljós fyrr en komið er upp að honum.

**Nr. 4: Frá Botnsdal um Hvalskarð upp í Bratta.**  
Skemmtileg gönguleið um hrikalegasta landslag svæðisins, farið er upp í skarðið milli Háusúlu og Vestursúlu.

Loftlína: 9 km  
Lóðrétt hækkun: 840 m  
Lóðrétt lækkun: 80 m úr Tröllaskarði, milli Vestur- og Miðsúlu niður í Bratta.  
Áætlaður göngutími: 4 1/2 – 6 1/2 klst.

Lagt er upp frá bænum Stóra-Botni innst í Botnsdal (billinn er skilinn eftir við hliðið fyrir neðan bæinn). Farið er yfir Botnsá á göngubrú fyrir neðan túnið á Stóra-Botni. Gengið er eftir ökuslóða inn

dalinn og alla leið upp á Sandhrygg. Slóði þessi liggur upp meðfram gili sunnan megin Hvalskarðsár, en er ekki opinn bílum, því að girðingar liggja viða þvert á hann. Þegar komið er upp á Sandhrygg, er haldið áfram upp með Hvalskarðsá (sjá mynd 2). Þegar komið er í Hvalskarð, er tekin stefna í suðaustur (sjá mynd 3). Nauðsynlegt er að fara vestan við og upp fyrir Stóragil (sem gengur upp frá Hvalvatni til suðurs), því að það er illfært. Gengið er í skarðið milli Háusúlu og austurenda Vestursúlu. Næst er haldið áfram meðfram austurhlíðum Vestursúlunnar út í Tröllaskarð (þ.e. skarðið milli Vestur- og Miðsúlu). Þaðan er örstuð niður í Bratta.

**Nr. 5: Frá Svartagili, um Öxarárdal, Leggjarbrjót og Súlnadal upp í Bratta.**  
Ein auðveldasta leiðin upp í Bratta, létt gönguleið og nokkuð jafnt afliðandi.  
Ágæt gönguskíðaleið, meðan snjór endist.

Loftlína: 10 km  
Lóðrétt hækkun: 640 m  
Áætlaður göngutími: 4-5 klst.


Styttri ef ekið er eftir slóðinni um Leggjarbrjót. Gengið er upp frá Svartagili, eins og á leið nr. 2, uns komið er að Fossabrekkum, þá er haldið áfram upp á Leggjarbrjót, skarðið suðvestan Botnssúlna, milli Þingvalla og Hvalfjarðar. Gengið er austan við Öxará eftir ökuslóðanum, en hann er illfær jeppum en þar kemst göngumaður hraðar leiðar sinnar a.m.k. fyrir ofan Fossabrekkur. Rétt áður en komið er að Súlá er stefnt á Botnshorn, á vesturenda Syðstusúlu. Farið er yfir Súlá sem venjulega er vatnslítil, rétt fyrir neðan mynni Súlnadals og þá sameinast leiðir nr. 3 og 5 upp í Bratta.

## Að endingu


Að sjálfsgöðu eru fleiri gönguleiðir í Bratta. Fjallgöngumaðurinn er ekkert bundinn yfir þessum ákveðnu leiðum, hann getur farið yfir svæðið að eigin vali. Hins vegar eru þetta algengustu og þægilegustu leiðirnar upp í Bratta.

Mörg kennileiti í Botnssúlum eru nafnlaus og eftirfarandi örnefni eru ekki almennt viðurkennd; Miðsúla 1055 m., Vestursúla 1086 m., Öndruskarð (milli Syðstu- og Miðsúlu), Tröllaskarð (milli Vestur- og Miðsúlu), Brattahlið (vesturhlíð Miðsúlu), Botnshorn (vesturhluti Syðstusúlu) og Miðsúludalur (milli Mið- og Syðstusúlu). Þau eru notuð hér til hagræðingar.


Botnssúlur séðar frá  
Biskupsbrekkuhrauni.



Botnssúlur séðar frá Botnsdal.



Botnssúlur séðar ofan  
af Hvalfelli.



Teikn. GÓM.

# Klettaklifurmót

EFTIR PÉTUR ÁSBJÖRNSSON

Klifurmót var haldið fyrir norðan fjall, nánar tiltekið á Akureyri, dagana 21.-24. júní. Gist var hjá Hjálparsveit skáta á Akureyri. Fór fyrri hluti mótsins aðeins úrskeiðis vegna leitar að flugvél er fannst á Eiríksjökli, einnig varð sá, er þessar línum skrifar að sætta sig við að sleppa tveimur dögum úr. Hugmyndir voru stórar svo sem að halda myndbandasýningu, fræðslu, bjóða upp á klifur o.fl.

Kom ég með flugi ásamt félaga mínum Haraldi Ingvarssyni. Á flugvellinum bjóst ég við stórra móttökunefnd, en eftir nákvæma leit fannst enginn. Bubbi Morthens var á vellinum veinandi og vælandi í fylgd tveggja varðliða. Við puffuðum bara á þessa sveina. Við röltum út ákveðnir að labba í bæinn, en kraftaverkin gerast enn í dag, gól heyrðist úr amerískri sendiferðatík „Hei viljiði far“? Já, ha, já (líklega best að þiggja það hugsaði ég með mér með 30-40 kg. á bakinu, þetta var nefnilega einn af varðliðum Bubba).

Ekki vissi ég hvar aðstaða H.S.S.A. var nákvæmlega. En þegar þangað var komið var allt læst. Allar dyr læstar, þá var aðeins eitt eftir, fara heim til Sigga Sig. hugmyndafræðings og upphafsmanns mótsins.

Hann var ekki heima, hmm! hvað næst, allt í kaos. Hvar eru strákarnir og jú þarna er hann á rúntinum.

„Heyriði strákar eruð þið komnir, ég hélt að þið ætluðuð ekki að koma“ (hugsun hjá mér \*\*\*\*!). Hæ, gaman að sjá ykkur, hvernig gengur mótið, aha, já, þannig, já, já, það er gott. Sveitin flutt á nýjan stað, já, já og mótshestir sofa þar. Klukkan orðin ellefu að ganga tólf og ég og Halli ákveðum að lita á H-100, rokna stuð.

Þeir eru snemma í þessu, ég var varla búinn að bursta tennurnar þegar flautað var fyrir utan gamla aðsetur H.S.S.A. Hæ, strákar! (engar stelpur komu á mótið). Keyrt var upp í Kjarna, þar var farið í fyrsta dagskrálið. Kom ég af stað umræð-

um um helstu nýjungar á sviði fjallamennsku. Málin voru rædd og skipst á skoðunum varðandi íþrótt voru.

Þess háttar röfl og brandaraflóð hélt áfram fram að hádegi, síðan var farið í mat á Bautann, þar fékk maður steik, is og fleira góðgæti.

Eftir mat töku Akureyringarnir við og sýndu helstu leiðirnar í Kjarna. Farið var í Boldering (erfiðar, stuttar æfingaleiðir), sýndu menn þar getu sína og stil. Þessi leikur hélt áfram fram að kvöldmat. Mér var þá boðið í þennan dýrindis mat, en vissi ekki af því og borðaði í staðinn kjúkling á Bautanum.

Næst á dagskrá átti að vera videosýning, henni var frestað til morguns, þar sem meiri áhugi var að djamma og djúsa. Var ákveðið að skera upp herör gegn Sjallanum og komast inn með kænsku-brögðum. Tekin voru sling, losuð í sundur og notuð sem bindi, appelsinugul, fjólbúlg og fleiri litir. Oh! ekki nennti ég að reyna í annað sinn og hélt áleiðis í H-ið. Var dansað frekar lítið þar, meira gert af því að kjafta og drekka.

Næsta dag, sunnudag var hvílst til svona ellefu, þá byrjaði videosýning. Var það gert við þunnar undirtektir áhorfenda. Eftir hádegi var þeyst að Munkabverá þar sem eru skemmtilegir klettar. Þar stundaði fólk klifur af hjartans list (reyndar þurftu hinir reyndari að hafa auga með hinum).

Eftir þetta var haldið í bæinn aftur, talað um mótið, hvað betur mætti fara, hvernig best sé að halda mótið sem þetta, einnig var rætt um að gott væri að fá erlendan klifrara til að vera með, augljýsa betur.

Jæja, nú er sem sagt kominn tími til að reyna betur, undirbúningur er að vísu á algjöru frumstigi, allar hugmyndir og hjálp eru vel þegin.

Í þetta sinn á mótið að vera á Suðurlandi, í nágrenni Reykjavíkur. Vonast er eftir góðri þátttöku af landsbyggðinni.



Klifrað í gljúfrinu við Munkaþverá. Ljósm. Bragi Reynisson.

Mótsgestir. Ljósm. Bragi Reynisson.



# Sitthvað um brodda

## EÐA LENGI LIFI OSCAR ECKENSTEIN

### EFTIR TORFA HJALTASON

---

#### Fyrstu tilraunir

Þegar kannað er hvenær menn fóru fyrst að nota brodda, kemur í ljós að broddar af einhverju tagi hafa verið til frá því 500 árum fyrir Krists burð. Elstu broddar sem fundist hafa eru nú á safni í Vínarborg. Þessir eldgömlu broddar eru athyglisverðir fyrir það, að þeir hafa fyrst og fremst verið ætlaðir til notkunar í bröttum grasigrónum hlíðum Tirol, þar eru svipaðir broddar enn við lýði, notaðir af afdalabændum við heyskap. Smalar þar suður frá hafa einnig farið að nota brodda til þess að komast yfir ísilögð skórð á vorin. Hér heima hef ég séð brodda nokkuð gamla, 100-200 ára sem voru ekki ætlaðir mönnum heldur klaufdýrum í yfirþungavigt: nautum. Broddar af þessari gerð eru þannig til komnir, að þarfnaut voru ekki til á hverjum bæ, en kýr voru það hinsvegar og þær þurftu sína þjónustu um fengitímann, sumar sem vetur. Þeir sem séð hafa og heyr til beiðandi kúa vita að þá er gott að geta brugðið hart við, þ.e.a.s. náð til bola. Tún voru svellið og klaufdýrin blessaðar beljur á svelli, broddarnir komu því í góðar þarfir.

Notkun brodda í fjallgöngum verður ekki almenn fyrr en undir síðustu aldamót, til að byrja með voru þeir lítið frábrugðnir „grasbroddunum“ menn fóru til járnsmiðsins í þorpinu og létu hann smiða broddana fyrir sig. Þetta byrjaði allt í Tirol. Alþaþjóðirnar voru fyrstar til að tileinka sér nýja tækni, sem notkun brodda leiddi af sér. Bretar sem hafa ávallt talið sig handhafa hins eina sanna íþróttanda deildu ákaft um réttmæti þess að nota hin-

nýju tól til að „sigra“ fjöllin. Einn af þeim sem skrifuðu mikið gegn broddanotkun var Skotinn Harold Raeburn (1865-1926), aðrir vörðu broddana og báru við að notkun brodda þýddi meiri hraða og þar af leiðandi aukið öryggi. Það verður að taka fram að skór á þessum tíma voru negldir og því var þörfin fyrir brodda minni heldur en í dag, þar sem Vibramsólar eru mjög háhir í bleytu og ís, en þeir komu ekki fram á sjónarsviðið fyrr en á miðri þessari öld. Broddar gerðu lengri og brattari íslieðir mögulegar. Árið 1906 komu fram broddar sem liktust mjög nútíma broddum. Þar var komið hugvit Oscars Eckenstein.

---

#### Broddar með allt að 10 göddum

Oscar þessi Eckenstein fæddist í London árið 1859, móðir hans var þýsk en faðir enskur. Hann varð aldrei framúrskarandi klifrari, það sem gerir nafn hans í sögu fjallamennsku svo eftirminnilegt voru afrek hans á sviði hönnunar. Ekki einasta var hann faðir nútíma brodda heldur átti hann einnig þátt í því að ísaxarskóft stytta til muna, exi hans var með 86 cm langt skaft. Hinir nýju broddar og „stutta“ exin urðu til þess að enn frekari þróun gat átt sér stað, tæknilega séð og jukust möguleikar á erfiðari leiðum stórlægla. Eckenstein var fyrstur til að finna út styrkleika hnúta sem notaðir voru í fjallamennsku og koma þeim á framfæri. Um aldamótin 1900 fór hann til Mexikó og kleif þar ýmis fjöll, með í förinni var Alister Crowley all þekktur fjallamaður en þó þekktari sem kuklari í dulrænum

fræðum og var hann kenndur andskotanum af samtínamönnum sínum. Þeir fóru síðar frægan leiðangur á K2 næsthæsta fjall jarðar (árið 1902). Tveir leiðangursmanna náðu 6500 m. hæð áður en snúið var við. Þegar Oscar Eckenstein lést 1926 hafði kunningsskapur hans við Crowley gert það að verkum að lítil eftirsjá fylgdi hvarfi hans af sjónarsviðinu, síðar meir hafa þessir menn verið skoðaðir í öðru ljósi og verið sýnd meiri sanngirni.

Lítið gerðist í þróun brodda þar til Laurent Grivel hannaði brodda sína.

### Laurens þáttur Grivels

Árið 1932 hannaði Grivel brodda sem áttu eftir að slá allt út sem þá þekktist. Hann setti fyrstur frambrodda á annars hefðbundna brodda, þ.e.a.s. gaddar sem vísuðu beint fram. Risaframfarir áttu sér nú stað, klifur á frambroddum þyddi enn brattari leiðir og meiri hraða. Um þetta leyti voru „Münchenarmennirnir“ frægu út um allt að afgreiða nýjar, erfiðari leiðir en áður höfðu þekkst, til að byrja með voru þeir aðallega í klettaklifri í austur Ölpunum en brátt fóru þeir að færa sig vestur á böginn í snjóinn og ísinn. Ekki tóku allir jafn snögglega við sér varðandi hina nýju tækni, en þegar klifrarar voru að paufast upp langar og „klassískar“ leiðir með frönsku flatfótaraðferðinni og einhverjir harðhausar komu á fleygiferð á eftir og framur, allir dansandi á frambroddunum, skildu menn. Það er ekki úr vegi að geta þess að þegar norðurveggurinn á Eiger var klifinn í fyrsta skipti árið 1938 notaði Anderl Heckmeier, frá München, brodda Grivels. Eigerveggurinn var líka sérstakur að því leyti að þarna í austur Ölpunum var nú búið að klífa leið sem var erfið í klettum og vegna hæðar sinnar ísuð. Hægt var að klífa stuttar spannar í klettum á frambroddunum af nokkru öryggi.

Ekki leið á löngu þar til menn voru jafnvæl farnir að sjóða saman grindina á broddum sínum til þess að minnka titringinn sem myndaðist þegar frambroddunum var spakað í ísinn, þannig urðu til stífur liðamótalausir broddar. Broddar sömu gerðar og þeir sem Grivel hannaði voru í almennri notkun fram á sjötta áratuginn. Í kaflanum hér á eftir verður reynt að greina frá ýmsum tegundum brodda í dag og fjalla um kosti og galla.

### Nútíminn

Réttast er að taka strax fram að hér verður ekki talað um ísklifurtækni heldur aðeins um sjálfa



Oscar Eckenstein og frú.

Flatfótur á Everest 1922.



broddana og gerðir þeirra. Vísa ég þess í stað á bókina Climbing Ice eftir Chouinard á ensku eða Fjallamennsku eftir þá Ara T. og Magnús, báða Guðmundssyni.

Broddum er hægt að skipta í eftirtalda flokka:

- a) með langa gadda eða stutta,
- b) grind með liðamótum eða heil (stífir),
- c) mikið stillanlegir eða lítið,
- d) með ólafestingum eða „snögg“ festingum (svipaðar skiðabindingum).

Langflestir broddar í dag hafa a.m.k. tólf gadda og þar af two sem vísa beint fram, frambrodda. Efnið, sem notað er í brodda, er yfirleitt málm blanda sem er hert að vissu marki. Ef málmurinn er of hertur verða broddarnir stökkir, en slitna of ört ef hann er of lítið hertur. Lengd gaddanna er atriði sem vert er að athuga nánar. Séu þeir langir eru þeir ætlaðir til almennra nota, i hjarn og ís, ef þeir eru stuttir, þá aðallega í frekar harðan ís, vatnsís Ástæðan fyrir þessum mismun er sú, að á löngum göddum í hörðum ís bítur aðeins hluti þeirra og virkar þetta eins og að vera á stultum sem skapar ójafnvægi. Stuttir eru betri að þessu leyti nema í hjarni og snjó þar sem þeir ná ekki niður á fast undirlag eða í gegnum morkið lag t.d. á jöklum.

Liðamótabroddar eru lang algengastir enda hugsaðir á algenga fjallgönguskó með hálfstífum sóla, broddar með heila grind eru aðeins notaðir við alstifa klifurskó. Broddar án liðamóta er ekki hægt að nota á lítið stífa skó því þeir jagast og brotna með tímanum. Miklu skiptir að hægt sé að stilla broddana vel á skóna svo ekki sé hætta á að þeir hreinlega losni af, eins er til lítils að vera í klifri á liðamótalausum broddum sem eru skrölvtandi á skónum því að ef þeir ná að ganga til sprengja þeir ísinn mikið. Af hefðbundnum ólum eru ólar úr „neoprane“ langbestar, þær eru sterkar og drekka ekki í sig vatn eða frjósa, eru sem sagt alltaf meðfærilegar. Nú síðustu ár hafa komið fram festingar sem eru svipaðar og skiðabindingar. Ákaflega fljótegt er að festa slika brodda á sig, en gæta verður vel að því að skórnir verða að vera vel stífir og með góðum brúnum á hæl og tá fyrir festingarnar, dæmi um slika brodda eru „footfangs“ gripgeiflur frá Lowe. Hvimleiður fylgifiskur þess að vera á broddum, er þegar snjór festist við kalt járnið í grindinni og hleðst undir sólann. Á gripgeflunum er botninn úr plasti og festist því snjór takmarkað undir þær.



Frambroddaklifur í bröttum ís. Ljósm. Torfi Hjaltason.



Mismunandi lengdir á göddum á broddum. Ljósm. Torfi Hjaltason.

## Viðhald

Broddum verður að halda vel við, þá verður að skerpa annað slagið, en aðeins með þjöl til að ofhita ekki málminn og afherða hann. Lítið eftir ólum og skiptið um þegar þær eru farnar að slitna, oft þarf að herða skrúfur og bolta með tímanum og skipta um, ef ryð er farið að myndast. Þegar broddar eru stilltir á skóna, á að vera hægt að lyfta skónum upp, án þess að broddarnir detti af, þó að ólarnar séu lausar, ekkert bil má vera milli festinganna og skósólans.

Gangið ekki að óþörfu á broddum í grjóti og urð, þá slitna þeir mikið og gaddarnir verða sljóir. Ágætt er að mála broddana, það tefur fyrir því að snjór hlaðist undir þá. Að síðustu: fáið ýtarlegar upplýsingar hjá seljendum brodda um stillingaratriði og eins hvort einmitt þessi gerð henti þér vel eða önnur frábrugðin.



Blönduð broddatækni í norðurvegg Tour Ronde (við Mont Blanc). Greinarhöfundur og Anna Lára stíga broddadansinn. Ljósm. Þorsteinn Guðjónsson.

## Ferðist ódýrt Gistið á farfuglaheimilum



Kynnið ykkur  
ferðaþjónustu  
Farfugla

## Bandalag Íslenskra Farfugla

Icelandic Youth Hostels Association  
Laufásvegi 41, Reykjavík  
sími 24950

# Að gráða klifur

EFTIR ARA TRAUSTA GUÐMUNDSSON

Það hefur löngum verið viðurkennt að lýsingarorð eins og erfið, létt eða frekar erfið segja fátt þegar menn meta hvernig klifurleiðir reynast. Þess vegna bjuggu klifrarar til gráðukerfin. Ákveðin tala á að gefa hugmynd um hvernig ákveðin leið er viðureignar; að vísu ekki nákvæma. Hver gráðutala er skilgreind og hafa skilgreiningarnar smám saman náð staðbundinni útbreiðslu. Þannig verða til ýmsar útgáfur og gildir ein í Bretlandi, önnur í vesturhluta Bandaríkjanna og sú þriðja í Ölpunum meðal frönskumælandi manna. Liklega verður ekki reynt að samræma gráðukerfin í eitt enda klifurlendið harla ólikt eftir heimshlutum.

## Gráður á íslenskum leiðum

Hér á landi hafa menn komist upp á það að nota svonefnt skoskt gráðukerfi í ísklifri en ýmist notað hluta af Alpakerfinu (tölurnar frá I til VI) eða

bandaríksa kerfið (5.2.5.3, ...) í klettaklifri. Um tíma voru leiðir ofgráðaðar en það hefur nú breyst.

Það er vissulega ruglandi að nota mörg gráðukerfi; a.m.k. fleiri en tvö: Eitt fyrir ís og annað fyrir kletta. Hitt er svo verra að alveg vantar gráður sem marka leiðir í heild. Þetta er augljóst þegar þess er gætt að skoska kerfið er aðallega búið til fyrir ísrásir/klakaða kletta sem einkenna Skotland. Yfirleitt eru leiðirnar aðgengilegar og löng aðkoma yfir jöklar, fjallgarða eða upp háar fjallshlíðar ekki á dagskrá eða í það minnsta sjaldgæf. Svipað er uppi á teningnum þegar metið er hve vel bandaríksa kerfið hentar á klettaleiðum.

Skoðum dæmi. Algeng leið á Hvannadalshnúk liggur um Falljökul, Hvannadalshrygg og upp á hrygginn milli Dyrhamars og Hvannadalshnúks. Hún er löng og alls ekki hættulaus en erfiðasta spönn e.t.v. 2. gráða (skosk). Gráðun leiðarinnar er ekki óþörf, sérstaklega er fram liða stundir. Sama má segja um æ fleiri leiðir sem eru að opnast í



Skessuhorn . . hvernig gráður?

Ljósm. Sighvatur Blöndahl.

suðurjaðri Vatnajökuls. Erfiðasta klifurhreyfing í Þumli er væntanlega af III. gr., en segir það eitthvað um leiðina á Þumal í heild?

### Reynsla af tvöföldu kerfi

Í Bandaríkjunum og í Ölpunum til dæmis nota menn tvöfalt kerfi: Upphafsstafi í tveimur lýsingaröðum fyrir leiðina í heild í Ölpunum og síðan tölu fyrir klettaspannir. Þar eru þó ekki notaðar tölur fyrir is, frekar er hallinn gefinn upp; í Bandaríkjunum notast rómversk tala fyrir leiðina í heild og 5.-tölu kerfið fyrir klettaspannir, en venjulegar tölur á ísinn.

Í Ölpunum gæti þetta verið gráðun á blandaðri klifurleið:

AD IV 50°

Leiðin er allerfið í heild, með fjórðu gráðu kletta-hreyfingu og 50 gráðu ísbrekku. Svipuð leið í Bandaríkjunum væri merkt svona: III 5.6 AI3 eða jafnvel 500 III 5.6 AI3. Fimmhundruð stendur fyrir hæðarmetrana en AI fyrir alpine ice, jökul- og hjarnís, í stað vatnsíss (water ice, WI).

Petta kerfi er notað fyrir heillegar leiðir, t.d. ísfossa, klettaleiðir með einhverjum aðdraganda og a.m.k. línlengd á hæð, auk leiða á stök fjöll. Kerfin hafa gefist vel að ég held. Auðvitað er hér ekki um að ræða einhverja kerfisáráttu heldur einfalda leið fyrir menn að átta sig á viðfangs-efnunum.

### Breytum til

Ég tel rétt að við hættum að nota núverandi kerfi í þeirri mynd sem þau eru. Notum aðeins bandarska 5.-tölu kerfið og það skoska og bætum við rómverskum tölmum sem heildarmati á leiðunum auk hæðartölu.

Með öðrum orðum:

Heildarmat:

I – VI

Hæðarmetrar:

Tugir eða

hundruð


Klettaspannir:

5.1–5.12

Ísspannir:


1.–6.

Síðan verður að skilgreina hverja tölu og nota þar að sjálfsögðu þær skilgreiningar að stofni sem til eru nú þegar.




Klifið í bröttum ísfossi í Brynjadal. Ljósm. Snævarr G.

Ég setti fram skyldar hugmyndir 1983 í grein í tímaritinu en varð ekki var við nein viðbrögð. Vera kann að félögnum þyki málið ekki mikilvægt en marga hef ég þó heyrt segja eitthvað misjafnt um núverandi tilhögun. Þegar kemur t.d. að því að Esjunni verði gerð skil sem klifurlendi og búið til yfirlit yfir 20-30 leiðir í henni væri ekki verra að hafa gráðukerfi sem gerir skýran greinarmun á Grafarfossilnum (I 70 4.) og Einfara í Eilifsdal (II 700/90 3.) og Virkinu (III 700/150 5.6 eða 4.). Skv. núverandi kerfi með einni tölu væru þessar leiðir að vetrarlagi gráðaðar svona: 4., 3. og 4. eða IV, III og IV, jafn ólikar og þær eru.



1. Esjan séð frá Reykjavík. V: Vesturbrúnir, B: Kerhlakambur, D: Búi, N: Þverfellshorn, I: Þverfell, J: Virkið, G: Gunnlaugsskarð, L: Kistufell, H: Hátindur, M: Móskarðshnúkar. Ljósm. M.G.

2. Esjan séð úr norðri, frá Skarðsheiði. M: Móskarðshnúkar, F: Flekkudalur, S: Skálatindur, H: Hátindur, E: Eiðfosalur, A: Hrúadalur, B: Kerhlakambur, C: Dýjadalshnúkur. Ljósm. M.G.



# Esja

EFTIR

SNÆVARR GUÐMUNDSSON  
OG  
MAGNÚS GUÐMUNDSSON

Væntanlega hafa flestir þeir lesendur þessa rits, sem búsettir eru á SV-horni landsins, haft einhver kynni af Esjunnri. Esjan er stórt fjall og viðáttumikið og í hlíðum þess hafa líklega verið farnar fleiri klifurleiðir en í nokkru öðru íslensku fjalli. Það er því ekki að ófyrirsynju að Esjan verður nú fyrir valinu. Aðaláherslan í þessum leiðarvísni er lögð á klifurleiðirnar, en ekki er lýst nema stuttlega nokkrum algengustu gönguleiðum. Ætti það ekki að koma að sök því finna má greinargóðar lýsingar á Esju í ársriti ÚTIVISTAR 1984 og í árbók FÍ. 1985. Bestu fáanlegu kort eru hin amerísk ættuðu kort í mælikvarða 1:50000, en þau eru teiknuð eftir loftmyndum.

## 1. INNGANGUR

Háfjall Esjunnar er viðast hvar 800-900 m. hátt, tiltölulega slétt og greiðfært yfirferðar en hlíðarnar yfirleitt brattar og víða hamrar í fjallsbrúnum. Hæst er bungan inni á miðju fjalllinu, norður af Kistufelli, hér eftir nefnd Hábunga, 914 m. Esjan er viðáttumikil, um 15 km. löng frá austri til vesturs og 8-10 km. breið frá norðri til suðurs. Esjan hefur mörg andlit ef svo má segja og á henni eru margar hlíðar, markast það af hinum mörgu döllum sem inn í hana skerast og málum og tindum sem ganga út á milli þeirra.

Til vesturs frá háfjallinu gengur Kerhólakambur (851 m.), sá hluti Esjunnar sem sýnist hæstur frá Reykjavík. Til suðurs ganga Kistufell (843 m.) og


Hátindur (909 m.). Á milli þeirra er Grafardalur. Austur úr háfjallinu ganga Móskarðshnúkar (807 m.). Milli Hátinds og hryggssins sem tengir háfjall Esjunnar og Móskarðshnúka, liggur Þverárdalur.

Norðan úr Kjósinni ganga þrír dalir inn í Esjuna: Austast er Eyjadalar, þá Flekkudalur og síðan Eilifsdalur. Eyjadalar liggur suður að Móskarðshnúkum, austan hans er Trana (743 m.) og að vestan er Esjuhorn og Sandsfjall (522 m.) Flekkudalur er þar fyrir vestan og milli hans og Eilifsdals er Skálatindur (807 m.). Vestan Eilifsdals er Pórnyjartindur og lengst til vesturs teygir sig Tindstaðafjall (786 m.) með Dýjadalshnúk fremst. Vestan Pórnyjartinds er dalskvompa með miklum hamrabrúnum, Hrútadalur.

Milli Tindstaðafjalls og Kerhólakambs teygir sig sá stærsti þeirra dala sem inn í Esjuna ganga, Blikdalur. Hann er um 7 km. langur og nær allt frá vestasta enda Esjunnar við Tíðaskarð inn undir Hábungu.

Esjan er að mestu gerð úr basalthraunlögum (blágrýti) sem hlaðist hafa upp fyrir um 1-2 millj. ára. Móskarðshnúkar eru úr líparíti. Sá sem virðir Esjuna fyrir sér úr suðri veitir því eflaust athygli að undirhlíðarnar milli Kistufells og Þverfells horns eru tiltölulega hallalitlar en frekar óreglulegar í lögun með hólum og dældum á víxl. Þetta eru leifar eftir mikið framhlaup eða bergskriðu úr suðurbrún fjallsins sem varð eftir að ísöld lauk fyrir um 10 þús. árum

Að jafnaði leysir allan snjó úr Esju yfir summar-



3. Esjan séð frá Vesturlandsvegi við Úlfarsfell. Leiðir 2.1 til 2.4. Ljósm. M.G.

tímann. Þó eru einstöku skaflar sem ekki ná því að bráðna yfir sumarið. Eru þeir helst í norðurhlíðum fjallsins en að sunnanverðu þraukar þó ætið skaflinn í Gunnlaugsskarði, vel sjáanlegur úr Reykjavík.

Á vetrum eru dalirnir norðantil í fjallinu snjóþungir og mikill snjór safnast viða í hlíðarnar. Vestur- og norðurhlíðarnar eru að jafnaði snjóþyngstar og snjóflóðahætta því mest í giljum og skálum í þeim hlíðum. Sérstaklega viljum við vara við giljunum vestan í Þverfellshorni en þar fórust tveir piltar í snjóflóði veturni 1979. Þessi hættustaður er nálagt fjölfarinni og öruggri uppgönguleið og því varasamur af þeim orsökum. Aðrir, fullt eins líklegir snjóflóðastaðir eru viða en fleiri verða ekki tilundaðir hér og mönnum bent á að fræðast um snjóflóð af þar til skrifuðum bókum.

Nokkur orð um veðurlag; ef vindur blæs á annað borð má gera ráð fyrir að hressilega blási uppi. Á þetta sérstaklega við um norðanáttina og ættu allir Reykvíkingar að kannast við stormkúfinn sem Esjan setur upp í hvassri norðanátt. Við slikar kringumstæður er e.t.v. betra að leita uppgöngu á önnur fjöll en Esju, þar sem norðanáttin nær sér ekki eins vel á strik.

## 2. GÖNGULEIÐIR

Hér á eftir verður eingöngu stuttleg lýsing á nokkrum helstu gönguleiðum á Esju. Vitanlega er hægt að ganga viðar á fjallið en þessar eru væntanlega hvað vinsælastar. Þessar leiðir er hægt að prjóna saman að vild, fara upp eina og niður aðra og fá þannig stutta ferð eða langa að vild.

### 2.1. Kerhólakambur (851 m.)

Vegalengd: 3 km.

Lóðr. hækkun: 800 m.

Tími: 1 1/2–2 klst.

Oftast er gengið frá Esjubergi. Gengið er upp nokkuð greinilegan stíg milli gilja upp skriðu og kletta. Þessi fyrsti hjalli er brattasti hluti leiðarinnar. Nú er haldið upp breiða tungu milli gilja og stefnt upp á flatann vestan Kambshornsins. Síðan upp Kambshornið og þaðan austur eftir Kambnum að vörðunni (851 m.)

### 2.2. Þverfellshorn (770 m.)

Vegalengd: 3 km.

Lóðr. hækkun: 750 m.

Tími: 1 1/2–1 3/4 klst.

Lagt skal upp frá bílastæðinu vestan Mógilsár. Genginn er stígur vestan árinnar og þegar hann brýtur þá er haldið upp grónar brekkur með stefnu vestanhalt við Þverfellshornið. Best er að fara beint upp í klettana í Horninu en ekki leita uppgöngu vestan í því. Efstu 50-60 m. er brölt upp hvert klettabeltið af öðru og á sumrin má auðveldlega rekja sig eftir greinilegri slóð.


### 2.3. Gunnlaugsskarð (843 m.)

Vegalengd: 4 km.

Lóðr. hækkun: 820 m.

Tími: 1 3/4–2 1/2 klst.

Hægt er að fara hvort heldur sem er frá stæðinu við Mógilsá eða frá bænum Kollafirði og er það dálitið styrra. Stefnan er tekin upp aflíðandi brekkurnar beint á Gunnlaugsskarðið. Best er að ganga í skarðið upp rana sunnan giljanna undir



4. Esjan — yfirlitskort. Teikn. M.G.

skarðinu. Inn af Kistufelli er varða (843 m.), en þar er gott útsýni.

#### 2.4. Hátindur (909 m.)

Vegalengd: 4 km.

Lóðr. hækkan: 800 m.

Timi: 2–2 1/2 klst.

Styst er að ganga frá Þverárkoti og þarf þá að aka yfir eða Grafará á vaði en það er öllum bílum fært á sumrin. Gengið er upp á Þverárkotshálsinn (455 m.), og svo áfram upp hrygginn. Efst eru nokkur klettabelti og er þá ýmist farið beint upp á brúnina, dálitið brölt, eða til vinstri undir klettunum og upp rauf sem verður þar í klettana. Báðar leiðir eru brattar en torfærulausar. Frá brúninni er gengið upp breiðan og hallalítinn hrygg á Hátindinn.

#### Austan Hátinds

Hægt er að leggja upp frá Skeggjastöðum en þægilegra er að stytta sér leiðina talsvert með því að aka sæmilega greiðfaran veg eða slóð sem liggar inn dalinn að sumarbústöðum sem standa

undir vesturbrúnum Haukfjallanna. Vegurinn liggar vestan túns á Skeggjastöðum að Skarðsá sem á upptök í Svínaskarði. Handan árinnar stendur reisulegur skáli, Þristur, en hann er í eigu skáta í Kópavogi. Héðan er hentugt að leggja upp í göngur á Móskarðshnúka og hrygginn sem tengir þá Esjunni.

#### 2.5. Hryggur milli Esju og Móskarðshnúka (750 m.)

Vegalengd: 3 km.

Lóðr. hækkan: 600 m.

Timi: 1 1/2–2 1/2 klst.

Farið er yfir Skarðsá á móts við Þrist og er það torfærulaust nema í stórrigningum. Gengið upp austan í Gráhnúk, lágum kolli norðan skálaðs og síðan upp hrygginn norðvestan hans. Sá endar á hnúk, um 750 m. háum. Hér má halda áfram hrygginn vestur á Esjuna. Hryggurinn er mjór og rofnar á kafla og verður þar skarð í hann sem klofið er af klettakolli. Þar heita Laufskörð. Er þar allbratt og tæpt einstigi. Þessi leið er þó flestum fær að sumarlagi. Að vetri getur leiðin yfir á Esju ekki talist fær sem gönguleið.

## 2.6. Móskarðshnúkar (807 m.)

Vegalengd: 3-5 km.

Lóðr. hækkun: 650 m.

Tími: 1 1/2 – 2 1/2 klst.

Hér eru gefnir 3 möguleikar á uppgöngu og upp-hafsstæður alltaf við Þrist og síðan endað á austasta og hæsta hnúknum. a) Gengið er með stefnu á Blá-hnúk, sem er myndarlegur hamrahnúkur sunnan undir vestari Móskarðshnúkunum. Farið er austan við hann og síðan beint upp skriðuna norðan hans. Þegar upp á brúnina er komið má ganga yfir næst austasta hnúkinn á þann hæsta. b) Farið upp með Skarðsánni áleiðis í Svínaskarðið (vegarslóði liggur upp í skarðið). Síðan er gengið beint upp á austasta hnúkinn, austan gilsins sem á upptök milli hnúkanna. c) Eins og b) nema nú er farið alla leið upp í Svínaskarð og þaðan upp á hnúkinn, úr austri.

## Norðurhluti Esju

### 2.7. Skálatindur (807 m.)

Vegalengd: 4-5 km.

Lóðr. hækkun: 700 m.

Tími: 1 3/4 – 2 1/2 klst.

Þessi leið er af mörgum talin auðveldasta uppgönguleiðin á Esju og víst er um það að aflíðandi er hún – hvergi brött brekka. Lagt er af stað frá sumarbústaðahverfinu norðan Meðalfellsvatns og gengið sem leið liggur upp breiðan kambinn uns náð er hákollin Skálatinds.

### 2.8. Tindstaðafjall (786 m.), Dýjadalsnúkur

#### a) Úr Blikdal:

Vegalengd: 4 km.

Lóðr. hækkun: 700

Tími: 2 – 2 1/2 klst.

5. Hátindur, Esja og Móskarðshnúkar. Leiðir 2.4 til 2.6. Ljósm. M.G.

Lagt er upp frá Vesturlandsvegi norðan brúarinnar yfir Blikdalsána. Gengið þaðan upp grónar brekkurnar norðan í Blikdalnum með stefnu á Dýjadalsnúk. Upp hnúkinn sjálfan er best að fara norðanhalt í hryggnum.

#### b) Úr Miðdal:

Vegalengd: 2 km.


Lóðr. hækkun: 600 m.

Tími: 1 1/2 klst.

Gengið er frá veginum upp hlíðina austan Innri Tindstaða en vestan Kerlingargils. Leiðirnar sam-einast svo upp undir Dýjadalsnúknum.

Uppgönguleiðirnar sem hér hefur verið lýst má tengja saman á marga vegu og fá þannig bæði stuttar og langar gönguleiðir eftir því sem hugur stendur til í það og það sinnið. Hér verður aðeins bent á nokkra möguleika.

1. Kerhólakambur – Þverfellshorn. 8-9 km., 3-4 klst.
2. Gunnlaugsskarð – Hábunga – Þverfellshorn. 10-11 km., 4-5 klst.
3. Gunnlaugsskarð – Hábunga – Skálatindur. 13-15 km., 6-8 klst.
4. Hátindur – Hábunga – Kerhólakambur. 13-14 km., 6-7 klst.
5. Leið 2.5 (hryggurinn) – Hátindur. 10-12 km., 4-5 klst.
6. Leið 2.5 – Hábunga – Kerhólakambur – Ártún. 18-20 km., gengin endilöng Esjan frá austri til vesturs.
7. Móskarðshnúkar – Trana. 10-12 km., 4-6 klst.





6. Vesturbrúnir frá Vesturgili að Nagg. Örin hægra megin visar inn í Stóragil (leiðir 6 og 8) N tákna niðurleið. Ljósm. S.G.

### 3. KLIFURLEIDIR

Í leiðarvísinum eru notuð tvö gráðukerfi. Fyrir snjó- og ísleiðir notum við skoska kerfið sem náð hefur fótfestu hér á landi undanfarin ár. Þær eru leiðir kvarðaðar með tölustöfum frá 1 til 5, þær sem 1 er einföld snjóleið en 5 eru hinar lengstu og erfiðustu ísklifurleiðir. Klettaleiðir fá gráðu skv. evrópska kerfinu, þ.e. í rómverskum tölum frá I til VII (hæsta gráða í leiðarvísinum er reyndar V). Nánari lýsingu á gráðunum má lesa í tbl. ÍSALP nr. 11 (íslieiðir) og nr. 16 (klettaleiðir). Einnig í bókinni Fjallamennska eftir Ara Trausta Guðmundsson og Magnús Guðmundsson. Aftan við nafn eða númer leiðar er umsögn: snjór, ís, berg, snjór/ís o.s.frv. Hún segir til um hverrar tegundar klifrið í leiðinni er.

Rétt er að taka fram að margar leiðanna hafa ekki verið klifnar nema einu sinni eða tvisvar og því alls ekki víst að gráða leiðar sé rétt þær sem aðstæður geta verið mjög mismunandi frá einum tíma til annars. Menn skyldu því taka gráðunum með fyrirvara.

Sumstaðar er vísað til þess að eitthvað sé vinstra eða hægra megin við annað, t.d. hægra megin í gili o.s.frv. Er þá gert ráð fyrir að horft sé inn í gilið og framan á klettavegginn eða hliðina.

Uppgefinn tími miðast eingöngu við sjálfa klifurleiðina.

Viða koma fyrir örnefni sem fjallamenn hafa búið til í ferðum sínum um klifurslóðir. Sérstaklega á þetta við í Vesturbrúnum, vestan við Ker-

hólakamb. Þær er landslag mjög fjölbreytt og viða drangar og hryggir sem fyrst koma í ljós þegar upp í klettana er komið. Ekki er okkur kunnugt um önnur nöfn eldri en ef þau finnast er um að gera að viðhalda þeim. Meðal nýnefna eru nöfn eins og Naggur, Útvörður, Stútur og Virkið.

#### 3.1. Vesturbrúnir

Up af Esjubergi, Horni og Skrauthólum mynda giljóttir hamrar Vesturbrúnirnar. Þær eru mjög áhugaverðar til klifurs, bæði að sumar- og vetrarlagi. Bjóða þær upp á lengri og skemmtileiðir upp gil og snjólænur, klifur upp kletthryggi, á klettanálar og dranga.

Til að komast að leiðum í Vesturbrúnunum er þægilegast að hefja göngu frá bæjunum Skrauthólum eða Horni. Þaðan má áætla hálfra til einnar stundar göngu að helstu leiðum.

Besti tíminn fyrir snjó- og ísklifur er frá desember og jafnvel fram í maí. Fyrir klettaklifur eru frostdagará bestir, enda eru margir hamrar lausir í sér. Ef ferðinni er heitið á einhverja klettanálina þá getur verið erfitt að finna góð sig-ankeri þegar farið er niður. Menn skyldu því hafa hugfast að ganga vel frá sigtryggingum. Rétt er að gæta vel að sér gagnvart grjóthruni svo og snjóflóðum, sérstaklega í þróngum giljunum. Til niðurferðar er Kerhólakamsleið góð eða leið nr. 6, Stóragil.



7. Vesturbrúnir. Stóragil fyrir miðju. Naggur lengst til hægri. Ljósm. S.G.

**1. Vesturgil – ís.**

Gr.: I. L.: 150 m. T.: 1 klst.

Vestast í vesturklettunum, myndar skál í kverkinni einfalda snjóleið, bratta efst.

**2. Leið ókunna mannsins – berg/ís.**

Gr.: IV og 3. L.: 150 m. T.: 2-3 klst.

Fyrst farin: 24. febr. 1984, Jón Geirsson. Alvarleg og opin leið, í fyrstu upp kletta sem leiða síðan upp í gil.

**3. Miðgil – snjór/ís.**

Gr.: 2/3 L.: 150 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: mars 1980, Björn Vilhjálmsson, Orthulf Prunner. Spennandi snjó- og ísleið upp þróngt gil með bröttu hafti í neðri hluta leiðarinnar.

**4. Anabasis – ís/berg.**

Gr.: 4 og IV. L.: 150 m. T.: 2-5 klst.

Fyrst farin: 26. des. 1984, Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson, Þorsteinn Guðjónsson. Austasta gilið í vesturklettunum. Fyrsti hlutinn liggur upp kletta um tvær IV. gráðu spannir.

**5. Heljaregg – berg.**

Gr. III (hreyf. IV). L.: 250 m. T.: 2-5 klst.

Fyrst farin: 17. nóv. 1984, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Falleg klettaleið upp greinilega egg sem endar í klettanál og þaðan upp á öxlina.

**6. Stóragil – snjór.**

Gr.: 1. L.: 250 m. T.: 1 klst.

Einföld snjóleið upp mest áberandi gilið í öllum Vesturbrúnum.

**7. Útvörður – berg.**

Gr.: I. L.: 20 m.

Létt klettaklifur upp litla nál sem stendur sem útvörður Naggs í miðhömrum.

**8. Nálín í Stóragili – berg.**

Gr.: IV. L.: 25 m. T.: 2-3 klst.

Fyrst farin: 17. nóv. 1984, Jón Geirsson Snævarr Guðmundsson. Fögur klettanál, en afar varhuga-verð vegna lausagrjóts. Velja skal frostveður enda alvarlegt klifur.

**9. Naggur, Vesturás – snjór.**


Gr.: I. L.: 150 m. T.: 1 klst.

Úr Stóragili er fremur einföld snjóleið upp Vesturrás á Nagg.

**10. Naggur – snjór/berg**

Gr.: 2 L.: 170 m. T.: 2 klst.

Fyrst farin: 1. mars 1981, Árni Tryggvason, Höskuldr Gylfason, Snævarr Guðmundsson. Skemmtileg leið upp á gnípuna. Upphaflega leiðin á Nagg. Frá gnípunni er um 100 m. hækjun upp á brún.



8. Vesturbrúnir. Naggur og Útvörður. Ljósm. S.G.

9. Vesturbrúnir. Lauganípa. Ljósm. S.G.



**11. Naggur, afbrigði – snjór/ís**

Gr.: 2 L.: 170 m. T.: 1 1/2 klst.

Fyrst farin: 13. nóv. 1982, félagar úr ÍSALP. Innar í gilinu er afbrigði leiðarinnar á Nagg. Liggur það upp lítt brattan ísfoss. Hægt er að sneiða hjá öllum erfiðleikum ef farið er enn innar.

**12. Lauganípugil vestara – snjór/ís**

Gr.: 1 L.: 200 m. T.: 1 klst.

Fremur þróngt gil sem inniheldur einfalda snjóleið.

### 13. Lauganípugil eystra – snjór/ís

Gr.: 1/2 L.: 150 m. T.: 1 klst.

Fyrst farin: Febr. 1981, Hreinn Magnússon, Höskuldur Gylfason. Þróngt gil sem býður upp á tvö íshöft. Liggur upp hrygginn undir Stút en sam einast þar vestara gilinu.

### 14. Stútur – berg

Gr.: IV/V L.: 20 m. T.: 2 klst.

Fyrst farin: 4. jan. 1982, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Lítill drangur en nokkuð erfitt klifur. Vont er að finna staðsetningu fyrir sigankeri.

### 15. Móri – ís/berg

Gr.: 3 og III L.: 200 m. T.: 2 klst.

Fyrst farin: 29. jan. 1984, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Aðalerfiðleikarnir felast í íshöftum svo og klettabeltinu í miðjunni. 15a: Ef farið er afbrigði úr Lauganípugili eystra þá er leiðin 2.gr.

### 16. Austurgil – snjór

Gr.: 1/2L.: 200 m. T.: 1-1 1/2 klst.

Fyrst farin: 18. febr. 1978, Hreinn Magnússon, Snævarr Guðmundsson. Einfalt snjógil með einu íshafti neðst.

### 17. –snjór/ís/berg

Gr.: 2 og III. L.: 200 m. T.: 2 klst.

Fyrst farin: 1983, Ari Trausti Guðmundsson, Árni Árnason, Olgeir Sigmarsson. Upp úr Austurgili til vinstri. Nokkur íshöft. Erfiðast efst; klettar og ís.

## 3.2. Búahamrar

Austan við Gljúfurðal gengur allbreitt en ekki hátt klettabelti og afmarkast það af Mógilsá í eystri endann. Ganga gil og skorningar viða í gegnum hamrabeltið. Hamrarnir eru hvað hæstir vestast en það er kletturinn Búi. Austasti hamarinn heitir Fálkaklettur. Upp hamrana liggja fjölmargar leiðir, bæði ís- og klettaleiðir. Eru Búahamrar afar gott klifursvæði. Telja leiðirnar yfirleitt frá einni til þriggja spanna og er stutt á milli þeirra þannig að hægt er að fara fleiri en eina eða tvær leiðir á dag.

Til að nálgast svæðið er ekinn afleggjari vestan við malarnámuna og er þaðan um 15 mín. gangur að flestum leiðum. Vinsælasta leiðin í Búahörrum er án efa ísfossinn 55 N sem telur allt frá 2. til 4. gráðu ísklifur. Niðurleiðir eru þó nokkrar enda mörg gil sem ná upp í gegnum hamrana.

### 18. Leiðir á Búa

Gr.: 1 T.: 1/2-1 klst.

Ýmsar leiðir er hægt að fara ef ætlunin er að ganga á Búa. Þessi afbrigði eru upp Búahamra.



10. Búahamrar. Vesturhluti.

Ramminn umlykur 55°N — mynd nr. 12. Ljósm. S.G.




11. Búahamrar. Austurhluti. ►

Ljósm. S.G.

12. 55°N. Vinsælasta

ísklifurleiðin í Búahörrum.  
Ljósm. S.G.





**19. Bobbysgil – snjór/ís**

Gr.: 2/3 L.:50 m. T.: 1 klst.

Fyrst farin: 16. apr. 1983, Björn Gíslason, Snævarr Guðmundsson. Farið upp gilið vestan við 55 gr. N. Aðalerfiðleikarnir felast í síðustu 15 m.

**20. 55 gr. N – ís**

Gr.: 3 L.: 80 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: 6. jan. 1980, Snævarr Guðmundsson, Torfi Hjaltason. Vinsælasta ísklifurleið í Búa-hömrum. Nokkur brött íshöft eru í leiðinni.

**21. Skoran – ís**

Gr.: 2 L.: 80 m. T.: 1 klst.

Afbrigði af 55 gr. N. Hægra megin við hrygginn er skora sem gerir leiðina auðveldari.

**22. 55 gr. N, beint – ís**

Gr.: 4 L 80 m. T.: 2-3 klst.

Fyrst farin: 12. des. 1982, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Ef megin ísfossinn er klifinn hækkar leiðin í 4. gráðu. Er þetta þó nokkuð erfitt klifur.

**23. Skráargatið – ís**

Gr.: 3 L.: 20 m. T.: 1 klst.

Fyrst farin: 17. apr. 1983, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Lítið íshil sem endar í þröngrí skoru. Leiðin er í öðru gili á vinstri hönd í megin-gilinu.

**24. –/ís**

Gr.: 2 L.: 60 m. T.: 1 klst.

Fyrst farin: 26. des. 1984, Snævarr Guðmundsson. Aðalerfiðleikarnir felast í neðsta íshaftinu.

**25. Y-gil, Tvíburafossar – ís**

Gr.: 4 L.: 20 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: 1983, Jón Geirsson. Tveir erfiðir ís-fossar í breiðu gili.

**26. – snjór/ís**

Gr.: 2/3 L.:60 m. T.: 1 klst.

Fyrst farin: 26. des 1984, Snævarr Guðmundsson. Skemmtileg leið með erfiðu en stuttu íshafti neðst og síðan upp ísað horn.



13. Pverfellshorn — Suðurbrúnir. Ljósm. S.G.

**27. Rennan — ís**

Gr.: 3 L.: 30 m. T.: 1 klst.

Fyrst farin: 17. apríl 1983, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Pröng skora (renna) er erfiðasti hlutinn í neðri 15 metrunum.

**28. 39 þrep — ís/berg**

Gr.: 4/5 og IV L.: 30 m. T.: 2 klst.

Fyrst farin: 29. des. 1984, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Erfiðasta leiðin í Búahömrum enn sem komið er. Blanda af ís- og klettaklifri. Alvarleg leið í gleiðu horni.

**29. — snjór**

Gr.: 1 L.: 60 m. T.: 1 klst.

Leiðin liggur upp snjógil utan á hömrurnum. Erfið leikar fremur litlir og þá helst neðst.

**30. — snjór/ís**

Gr.: 1/2 L.: 70 m. T.: 1 klst.

Pröngt gil með bröttu íshafti efst. Á hægri hönd undir íshaftinu er lítið ísgil.

**31. Miðrif — berg**

Gr.: IV+/V L.: 50 m. T.: 2 klst.

Fyrst farin: 10. apríl 1985, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Erfið klettaklifurleið og opin í erfiðasta hluta.

**32. — snjór**

Gr.: 1 L.: 50 m. T.: 1/2 klst.

Leiðin liggur upp skarð í hömrurnum. Nokkuð bratt við brúnina.

**33. Nálín í Búahömrum — berg**

Gr.: III (hreyf. IV) L.: 80 m. T.: 2 klst.

Fyrst farin: 10. nóv. 1984, Jón Geirsson, Snævarr

Guðmundsson. Skemmtileg klettaklifurleið með viðkomu á Nálinni.

**34. Nálaraugað — ís/snjór**

Gr.: 4 L.: 70 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: 29. des. 1984, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Pröng skora í neðri hluta sem víkkar ofar. Erfiðust fyrstu 30 metrana.

**35. Loki — berg**

Gr.: I/II L.: 100 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: 10. nóv. 1984, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Auðveldur klettahryggur og skemmtilegur. Nokkuð laus í neðri hluta.

**36. — snjór/ís**

Gr.: 2 L.: 50 m. T.: 1 klst.

Einföld snjórás. Efst er bratt íshaft sem hækkar leiðina í 2. gráðu.

**37. Flatnasi — berg**

Gr.: II (hreyf. III) L.: 80 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: sept. 1979, Torfi Hjaltason, Snævarr Guðmundsson. Stutt klettarf. Skemmtilegt klifur. Erfiðust neðst og síðan haft ofarlega.

**38. Fálkaklettur — berg**

Gr.: II L.: 150 m. T.: 1-11/2 klst.

Létt brölt upp austasta klettaranann. II. gr. hreyfingar efst.


**3.3. Suðurbrúnir — Virkið**

Á milli Pverfellshorns í vestri og Gunnlaugs-skarðs í austri mynda regluleg klettabelti Suðurbrúnirnar. Hér heitir háfjallið Pverfell. Í gegnum



14. Suðurbrúnir að Gunnlaugsskarði. Ljósm. S.G.

15. Virkið og Gunnlaugsskarð. Ljósm. S.G. ▼



hamrabeltin ganga breiðar rásir og gil sem eru áhugaverð að vetrarlagi. Hæsti hluti brúnanna er næstur Gunnlaugsskarði. Nefnist hann Virkið. Það er nýnefni sem kom upp þegar tilraunir til að klifra það stóðu sem hæst.

Til að nálgast Suðurbrúnir Esju er best að hefja uppgöngu frá Mógilsá. Er þaðan um 1-2 klst. ganga að rótum hlíðanna. Snjóflóðahætta er oft talsverð í Suðurbrúnum.

Hentugasti tíminn til snjó- og ísklifurs er frá miðjunum desember og jafnvél fram í maílok. Vetrarklifur í Virkinu krefst þó nokkurrar reynslu. Í Suðurbrúnum eru margar rásir af 1. gráðu (snjór og ís) og er þeim ekki lýst sérstaklega í leiðarvísinum. Öruggstu niðurleiðirnar eru um Þverfellhorn (2.2.), Gunnlaugsskarð (2.3.) eða um kverkina þar sem hamrarnir taka stefnu til suðvesturs út á Þverfellhorn.

#### 39. – snjór

Gr.: 1 L.: 250 m. T.: 1 klst.

Einskonar skarð eða breitt gil austan við Þverfellhorn. Einföld snjólæna.

#### 40. – berg

Gr.: I L.: 300 m. T.: 1 klst.

Breiður greinilegur fjallshryggur sem býður upp á létt brölt í endann.

#### 41. Íspilið – ís


Gr.: 3/4 L.: 50 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: 1. mars 1981, Helgi Benediktsson, Arnór Guðbjartsson. Leiðin liggur upp ísuð klettabelti. Tvö afbrigði.

#### 42. Rás 3 – snjór

Gr.: 1 L.: 170 m. T.: 1 klst.

Fyrst farin: 24. des. 1978, Helgi Benediktsson, Árgrímur Blöndahl, Einar Steingrímsson. Einföld snjólæna.



16. Vesturhlíð Kistufells. Leið nr. 50, Kistufellshorn er einhver fjölfarnasta klifurleið í Esju. Ljósm. Halldór Guðmundsson.

#### 43. Rás 2 – snjór

Gr.: 1 L.: 150 m. T.: 1 klst.

Auðveld snjólæna. Stundum er hengja í toppinn. Oft notuð til niðurferðar.

#### 44. Rás 1 – snjór

Gr.: 1/2 L.: 200 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: 24. des. 1978, Helgi Benediktsson, Arngrímur Blöndahl, Einar Steingrímsson. Einföld snjórás þar sem brattinn eykst er ofar dregur.

#### 45. Virkishryggur – berg

Gr.: I/II L.: 200 m. T.: 1-2 klst.

Létt klettaklifur á hryggnum en talsverðar hliðanir í efri hluta til að komast á þægilegan hátt upp beltin.

#### 46. Virkið – berg

Gr.: III L.: 200 m. T.: 1 1/2-3 klst.

Fyrst farin: 23. maí 1981, Björn Gíslason, Snævarr Guðmundsson. Krefjandi leið. Aðalerfiðleikarnir eru síðustu 70 metrarnir. Viða laus í sér. Alvarleg leið að vetrarlagi.

#### 47. Miðrifsafbrigði – ís/berg

Gr.: 4+ L.: 200 m. T.: 2 1/2-4 klst.

Fyrst farin: 4. mars 1984, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Erfið og alvarleg leið upp ísaða kletta. Sameinast leið nr. 46 undir lykilklaflanum.



17. Graarfoss fyrir miðri mynd. Granninn til hægri. Ljósm. M.G.

#### 3.4. Gunnlaugsskarð – Kistufell

Í Kistufelli eru allnokkrar klifurleiðir í snjó og ís, bæði langar og stuttar. Þekktasta leið upp Kistufellið er snjórásin í suðvesturhorni fjallsins. Niður þessa sígildu klifurleið hefur verið farið á skíðum, en það gerðu Helgi Benediktsson og Arnór Guðbjartsson í maí 1983.

Á síðustu árum hefur fjlögað tölvert leiðum í Kistufelli. Fyrst skal þar frægan telja fossinn Graarfoss (Migandi) sem er á góðri leið með að verða að sígildri klifurleið (gráða 4).

Best er að hefja uppgöngu á Kistufell frá Laxeldisstöðinni í Kollafirði, en ef fara á í suðurhlíðar þess er betra að leggja upp frá bænum Norðurgröf. Ganga upp að byrjun klifurleiðar tekur frá hálfri til tveggja klukkustunda eftir því hvert farið er. Öruggasta niðurleið er um Gunnlaugsskarð en viða má fara niður suðurhlíð Kistufellsins.

#### 48. Gunnlaugsskarð – snjór

Gr.: 1 L.: 70m. T.: 1/2-1 klst.

Nokkrir möguleikar í giljunum neðan við botn skarðsins. Má tengja saman við Launrás (nr. 49).

#### 49. Launrás – snjór

Gr.: 1 L.: 100 m. T.: 1/2-1 klst.

Einföld snjóleið með hengju efst.



18. Suðurhlið Kistufells. Ljósm. Jón Geirsson.

#### 50. Suðvesturhorn – snjór

Gr.: 1 L.: 400 m. T.: 1-2 klst.

Löng snjóleið. Geta verið nokkur auðveld íshöft sem auðvelt er að sneiða hjá. Efst er ýmist farið upp gilið eða, ef snjór er mikill, upp hamrabeltin sunnan þess.

#### 51. Suðurhlíðar – snjór/ís

Gr.: 2/3 L.: 500 m. T.: 2-3 klst.

Fyrst farin: 4. mars 1984, Hreinn Magnússon, Höskuldur Gylfason. Löng leið með mjög bröttum íshöftum, erfiðust fyrir miðju. Efri hlutinn erfiðari en sá neðri.

#### 52. – snjór/ís

Gr.: 2/3 L.: 600 m. T.: 2 1/2-3 1/2 klst.

Fyrst farin: 23. febr. 1985, Jón Geirsson. Snjógil með 5-6 mjög bröttum íshöftum. Erfiðast neðst og fyrir miðju.

#### 53. Nokkrir ísfossar

L.: 5-15 m.

Neðantil í Kistufelli eru nokkrir stuttir ísfossar, 5-15 m. háir, en sumir mjög brattir. Í þessum fossum er tilvalið að æfa ísklifur. Oftast er hægt að klifra með tryggingu ofanfrá. Einn þessara fossa er Granninn, en hann stendur í gilinu andspænis Grafarfossi.

#### 54. Grafarfoss – ís

Gr.: 4 L.: 65 m. T.: 2-4 klst.

Fyrst farin: 20. des. 1980, Björn Vilhjálmsson, Einar Steingrímsson. Allerfitt ísklifur. Erfiðasti hlutinn er er um miðbik leiðarinnar. Einna auðveldast er að fara vel vinstra megin í fossinum.

#### 55. snjór/ís

Gr.: 2 L.: 650 m. T.: 2 klst.

Fyrst farin: 6. mars 1983, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Löng snjóleið með nokkrum íshöftum. Erfiðust neðst (Granninn).

### 3.5. Eilífsdalur

Í Eilífsdal eru aðallega snjó- og ísleiðir enn sem komið er. Valshamar er fremst í dalnum en þar hefur talsvert verið stundað bergklifur. Í Vals hamri eru nokkrar mjög góðar 15-20 m. háar klifureiðir.

Best er að ganga frá sumarbústaðalandinu við Valshamar eða bænum Eilífsdal.

Ganga að flestum leiðum tekur um tvær klst. Eilífsdalur er hættulegt snjóflóðasvæði og verður því að hafa allan vara á í klifurferðum í dalinn. Mörgum leiðanna í Eilífsdal hefur áður verið lýst í ISALP nr. 23.

Öruggustu niðurleiðir eru um Gunnlaugsskarð niður í vestanverðan dalbotninn, niður Skálatind.

#### 56. Skálin – snjór/ís


Gr.: 3/4 L.: 100 m. T.: 1 1/2-2 klst.

Fyrst farin: 20. jan. 1985, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Nyrst í skálinni er stuttur en tæknilega erfiður ísfoss. Auðvelt þar fyrir ofan.

#### 57. Eilífstindur – snjór

Gr.: 1 L.: 600 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: jan. 1978, félagar í ISALP. Skemmtilegt snjógil án teljandi erfiðleika. Eilífstindur sjálfur er litill klettur 6-7 m. háar. Frá honum



19. Eillífsdalur. Eillíftindur fyrir dalbotnnum. Hringurinn er utan um Valshamar. Ljósm. M.G.



◀ 20. Íspilin í Eillífsdal séð af Eillíftindi. Ljósm. Guðmundur Pétursson.

er um 100 m. hækkun upp á brún, um gilið til vinstri. Þar er hengja. Hægt að sneiða framhjá henni hægra megin í gilinu.

#### 58. Einfarinn – ís/snjór

Gr.: 2/3 L.: 700 m. T.: 2-3 klst.

Fyrst farin: 22. nóv. 1981, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson. Falleg leið upp gilskorning í austasta íspilinu. Nokkur brött íshöft. Aðalerfiðleikarnir eru í efstu 80 m.

#### 59. Austurgil á Þórñýjartind – snjór

Gr.: 1 L.: 600 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: 21. jan. 1978, Hreinn Magnússon, Höskuldur Gylfason, Snævarr Guðmundsson. Farið er upp syðri gilbrúnina. Hengja efst.

### 3.6. Hrútadalur

Allt það klifur sem við höfum fregnir af í Hrútadal hefur verið snjó- og ísklifur. Í hinum

bröttu hamrabrúnum hans eru bæði langar leiðir og erfiðar, en sum gilin eru ekki erfið. Snjóflóðahætta er talsverð í Hrútadal.

Hentugast er að ganga úr Miðdal og má gera ráð fyrir að gangan að helstu leiðum taki eina til hálfa aðra klukkustund.

Hrútadal hefur áður verið lýst í ÍSALP nr. 23, en heldur hefur leiðum fjlögað síðan. Sérkennilegasta leiðin í Hrútadal má ætla að sé „Handan við hornið“, sem liggur upp ís foss í vestasta gilinu. Hún hefur aðeins einu sinni verið klifin, en síðan þá hefur aldrei verið nægilegur ís til að mynda ísfossinn. Öruggasta niðurleið er um Þórñýjartind, þ.e. niður Innri Sandhrygg.

#### 60. – snjór

Gr.: 1

Fyrst farin: jan. 1976, Helgi Benediktsson, Kjartan Blöndahl, Pétur Ásbjörnsson. Bratt snjóklifur upp meðfram klettunum.

#### 61. Afbrigði upp úr Norðurgili – snjór/ís

Gr.: 3/4 L.: 70 m. T.: 2-3 klst.

Fyrst farin: 27. jan. 1980, Hermann Valsson, Daniel Helgason. Erfitt klifur upp ísuð klettabelti í austurvegg Norðurgils. Stór hengja.

#### 62. Norðurgil – snjór


Gr.: 2 L.: 250 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: 29. apríl 1979, Hreinn Magnússon, Snævarr Guðmundsson. Gilið verður brattara eftir



21. Austurhluti Hrútadals. Ljósm. William Kaiser.

22. Hrútadalur. Ljósm. M.G. ▼



því sem ofar dregur. Oft stór hengja efst. Opin og alvarleg snjóleið.

#### 63. Miðgil – snjór

Gr.: 1 L.: 200 m. T.: 1 klst.

Fyrst farin: 29. apr. 1979, Lennart Aberg. Einföld snjóleið, oft hengja efst.

#### 64. Suðurgil – snjór

Gr.: 1 L.: 200 m. T.: 1 klst.

Fyrst farin: 27. jan. 1980, félagar í ÍSALP. Auðveldasta snjógilið af þessum þremur.

#### 65. Þvergil – snjór/ís

Gr.: 1-3 L.: 130 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: 21. nóv. 1983, Ágúst Guðmundsson, Pétur Ásbjörnsson, Örvar Aðalsteinsson. Ísfossinn neðst er aðalvandamál leiðarinnar, en stundum hverfur hann í snjó þegar kemur fram á veturninn. Hægt er að fara vinstra megin við ísfossinn og getur það verið auðveldara.

#### 66. Stynjandi – ís/snjór

Gr.: 4 L.: 45 m. T.: 1-2 klst.

Fyrst farin: mars 1984, Hreinn Magnússon, Höskuldur Gylfason. Afbrigði af leið nr. 65. Farið er upp vinstri (eystri) vegg gilsins, upp bratt íspil.

#### 67. Þjóðleið 3 – snjór/ís

Gr.: 3 L.: 100 m. T.: 1 1/2-2 1/2 klst.

Fyrst farin: 21. nóv. 1983, Höskuldur Gylfason, Snævarr Guðmundsson. Fyrst upp bratt íshaft, síðan eftir syllu uns komið er að breiðu gili. Opin leið.

#### 68. Handan við hornið – ís

Gr.: 4 L.: 60 m. T.: 1 1/2-2 klst.

Fyrst farin: 27. jan. 1980, Torfi Hjaltason, Snævarr Guðmundsson. Brattur ísfoss. Erfiðastur um miðbik leiðarinnar.



23. Dýjadalshnúkur (*Tindstaðafjall*) séður úr suðri. Ljósm. William Kaiser.



24. Vallárgil. Ljósm. S.G.

### 69. Kverkin

Gr.: 3 L.: 30 m. T.: 1-11/2 klst.

Fyrst farin: 11. maí 1983, Ari Trausti Guðmundsson, Olgeir Sigmarsson. Í kverk á móti „Handan við hornið“ mynda tvö íshöft leiðina.

### 3.7. Dýjadalshnúkur

Suðvestan í Dýjadalshnúk (í *Tindstaðafjalli*) eru nokkur gil eða lænur sem bjóða upp á fremur auðveldar snjóleiðir. Best er að nálgast leiðirnar úr Miðdal um leiðina upp með Kerlingargili (2.8b).

#### 70. – snjór

Gr.: 1 L.: 100 m. T.: 1/2-1 klst.

Afar auðvelt snjógil milli hamraveggjanna.

#### 71. – snjór/ís

Gr.: 1/2 L.: 150 m. T.: 1 klst.

Fyrst farin: 1982, Ari Trausti Guðmundsson, Olgeir Sigmarsson, Orri Magnússon. Þægilegt snjógil með nokkrum léttum íshöftum. Hengja.

#### 72. – snjór

Gr.: 1 L.: 100 m. T.: 1 klst.

Fyrst farin: 1982, Ari Trausti Guðmundsson, Olgeir Sigmarsson, Orri Magnússon. Einföld snjóleið.

### 3.8. Vallárdalur

Pröngur og stuttur hangandi dalur sunnan til í Esjunni vestan Vesturbrúna. Neðan hans er Vallárgil. Í gilinu er foss í tveimur stöllum sem klifinn hefur verið að vetri til. Rétt er að vekja athygli á því að snjóflóð hafa fallið niður Vallárdal. Menn ættu því að leita annað ef snjóflóðahætta er einhver.

#### 73. Vallárgil – ís


Gr.: 3 L.: 80 m. T.: 1-1 1/2 klst.

Fyrst farin: Mars 1983, Hreinn Magnússon, Ari Trausti Guðmundsson, Olgeir Sigmarsson. Ísleið sem felst í tveimur 15-20 m. háum íshöftum. Höftin reyndar mishá eftir snjóalögum og hafa jafnvel horfið alveg í snjóþyngslum.

### 3.9. Grafardalur – Móskarðshnúkar – Trana

Lítið hefur verið klifrað á þessum slóðum enda aðkoma ekki eins greið á vetrum og víða annarsstaðar við Esju. Einnig eru möguleikar ekki miklir nema ef vera kynni í Trönu en hún hefur t.d. fallegan stöllóttan vesturvegg.

# Valshamar í Eilífsdal



Neðst í vesturhliðum Skálatinds er kletturinn Valshamar. Býður hann upp á nokkrar ágætar klettaleiðir. Hamarinn er myndaður úr Basaltstuðlum. Nánari lýsingar eru í ÍSALP nr. 21.

# Garðyrkja og fjallgöngur

## VIÐTAL VIÐ DOUG SCOTT

Skeggjaður og síðhærður með kringlótt spangar-gleraugu situr hann afslappaður fyrir framan mig. Ég velti því fyrir mér hvernig ég eigi að fara að því að skyggnast undir skinnið á þessum manni sem hefur reynt meira en flestir aðrir. Það er ekki erfitt því hann skilur aðstöðu mína, laus við hroka og dramblæti. Harður sem klettur með stórt hjarta og ljúfa sál.

Ég er forvitinn. Af hverju byrjaði hann á þessu og hvernig voru fyrstu árin.

Doug sýpur á kaffinu og segir svo:

— Sko, í fyrsta skipti sem ég sá klifrara var það í Svörtu-klettunum í Derbyshire u.þ.b. 50 km frá þar sem ég bý. Ég var 13 ára gamall og var í útilegu með skátunum, en foringi okkar vildi ekki leyfa okkur að fara í klettana. Vildi ekki vera ábyrgur og sagði að þetta væri of hættulegt. En strax í vikunni á eftir hjóluðu 3 af okkur aftur þangað. Við vorum allir í sama bekk og einn af okkur kom með dráttartaug og hinir tveir voru með þvottasnúrur mömmu okkar. Þetta notuðum við og fórum nokkuð oft þangað. Ekki bara til að klifra heldur líka til að tjalda og vera í burtu. Þar horfðum við á aðra klifrara og reyndum að gera eins, á móti þá sögðu þeir okkur stundum aðeins til. En aðallega lærðum við bara af sjálfum okkur, gerðum mistök og leiðréttum.

- En lastu bækur og því um líkt?
- Ekki fyrr en ég varð eldri, 16-17 ára.
- En hvernig var það, hverjar voru hetjurnar á þessum tínum?
- Ja, líklega Eric Shipton og Hermann Buhl.

— Hvað svo. Þú kleifst mjög mikil á sjöunda áratugnum var það ekki?

— Jú svona blandað klifur. Og ég var alltaf með mikinn áhuga á stiga-klifri (aid-klifri). Sérstaklega á veturna þegar það var rigning. Ég fór Cima Ovest (í Dólomítunum), direct, þú veist stóra þakið 40 m. Og ennþá verð ég hræddur þegar ég hugsa um það klifur, því það var mjög opið. Maður vissi ekki hvort maður kæmist yfir þakið og ef maður kæmist það þá var ekki hægt að snúa við. Þetta gekk samt ágætlega. Um 1970 fór ég til Yosemite. Ég var sem sagt mikil í stiga-klifri og síðan í frjálsu-klifri á kalksteini. Fór einnig mikil í leiðangra. Til Atlas 1962 á puttanum og klifraði þarna í N-Afriku í sex vikur. Allur sá leiðangur kostaði aðeins 21 pund. Og 1965 fór ég í Tibesti-fjöllin í Chad. Það var mjög spennandi, því við keyrðum yfir Sahara eyðimörkina á gömlum herflutningabilum. Stærsti sandur sem við höfðum áður séð var ströndin heima. Mikil ævintýri að komast á staðinn. Og 1966 fór ég til Kurdistan í Tyrklandi og síðan til Hindu Kush, Afganistan. Allir þessir staðir eru núna lokaðir af pólitískum ástæðum. Þannig að það er mjög gaman að hafa komið þangað áður en þeir bönnuðu útlendinga.

— Hvernig klifuð þið á þessum tíma. Duttuð þið mikil í línumnar eða var það eins og í gamla daga þegar sá sem leiddi „mátti“ ekki detta?

— Já, það var frekar þannig. Ég datt aldrei þegar ég var að leiða í frjálsu klifri. Stundum losnuðu fleygar í stiga-klifrinu og við duttum. Reyndar var ég aldrei mjög metnaðarfullur frí-



Douglas Keith Scott í Gigjökli síðastliðið haust. Ljósm. Jón Geirsson.



Douglas plægir akurinn . . . Ljósm. Magnús Guðmundsson.

klifrarí. Vegna þess að ég spilaði alltaf rugby á laugardögum og klifraði síðan á sunnudögum þegar ég var allur marinn og blár. Og á sumrin var ég alltaf í leiðöngum eða í Ölpunum. Þannig að ég var aldrei í topp-klettaklifri. Bara svona betri en í meðallagi en ekki einn af þeim bestu.

— Svo fórstu í Himalaya. Hvernig var það í fyrsta skipti. Aðlagðist þú hæðinni vel?

— Nei, mjög illa, mjög sárt. Þegar ég fór í suðurlíðina á Bandaka, sem er um 6800 m. hátt, gengum við upp dal og höfðum átt í vandræðum með burðarmennina. Einn af okkur var mjög góður í júðo og það var ekki fyrr en við fórum að slást við þá og Ray Gillies sigraði þann besta af burðar körlunum, að þeir héldu áfram eftir tveggja daga verkfall. Mér hefur samt alltaf líkað mjög vel við Afgani. Sjálft klifrið var þannig að ég og Ray fórum upp suðurhlíðina og gistum í snjóholum á leiðinni. Við komumst á toppinn og fórum niður hinum megin, þ.e. vesturhrygginn. Allan tímann vorum við með hræðilegan höfuðverk, við vissum ekki um klifur í mikilli hæð. Hefðum átt að gefa okkur meiri tíma. En þegar ég lit til baka þá var þetta ein af ævintýrategustu fjallgöngunum mínum. Vegna þess að við vissum ekki neitt, héldum bara áfram.

Líka af því að þetta var í Alpa-stíl (Alpine-style).

— Þetta var bara fyrsta Himalayaför þín, hvenær fórstu svo aftur?

— Ekki fyrr en 1972. Ég var allur í stórvældum klifri (big walls) og þökum. Í Yosemite, Noregi og á Baffinseyju. Vorið 1972 fór ég í fyrsta Everest-leiðangurinn, Baffinseyju um sumarið og síðan aftur á Everest um haustið og þá á sv-hlíðina. Þetta var ágætt ár.

— Nú hefur þú mikla reynslu í háfjallaklifri, sem kannski er óþarfi að tíunda hér. En hvaða ráð geturðu gefið þeim sem hafa hug á að komast í hæð?

— Það er góð hugmynd að fara fyrst nokkrum sinnum í Alpana. En kannski frá stöðum eins og Íslandi, þá held ég að það sé allt í lagi að fara beint til staða eins og Kulu eða Kizhua sem eru í Indlandi. Tindarnir þar eru u.p.b. 6000-6500 m háir. Því ég held að þið hafið fengið ágæta reynslu hér á landi. Þið ættuð að geta staðið ykkur ágætlega í Himalaya, bara ef þið munið að súrefnisleysið hefur áhrif á ákvarðanatöku. Flest slys eru vegna rangra ákvarðana. Rétt eins og þegar fólk keyrir fullt. Þegar þú verður fullur og keyrir bíl, þá verða slysin vegna rangra ákvarðana. Alkóhólið hindrar að sur-

efni komist til heilans, og þú bregst ekki við eins og venjulega. Þannig að þið verðið að muna að súr-efnisskorturinn veldur annars konar ástandi með-vitundarinnar.

— Jæja, en hvaða klifur eða ferð er þér minnis-tædust, kannski sú síðasta eða ...

— Já, venjulega sú síðasta. En samt ef ég hugsa um það og horfi aftur þá yrði það Kangchenjunga. Af því að við vorum bara fjórir og þetta var fyrsta skipti síðan 1930 að einhver hafði komist að þessari hlið fjallsins. Klifrið var mjög bratt, við komumst á tindinn, Tasker, Boardman og Bettembourg voru mjög góðir félagar. Þetta var í fyrsta skipti sem eitt af þremur hæstu fjöllunum hafði verið klifið án súrefnis og í Alpa-stíl. Þetta var árið 1979.

— Þarna minnistu á leiðangur sem Pete Board-man, Joe Tasker og George Bettembourg voru með þér í, en nú eru þeir og fleiri vinir þínir farnir. Hvernig líður þér og hvernig hugsarðu um þetta?

— Sko, þetta hefur ekki haft þau áhrif þannig að ég fari ekki á fjöll aftur. En ég fer alltaf með því hugarfari, hvernig best sé að lifa, takandi áhættu. Hljómar kannski undarlega, svolitið vafasamt, en það sem er mikilvægast, er að hlusta á innsæið. Ef þú ert mjög metnaðarfullur að komast upp, og svo blindaður af því, þá getur það gengið frá þér. Þetta er kannski auðvelt fyrir mig að segja af því ég hef farið á Everest og hef komið þeim stóru undir beltið. Svo get ég slappað af. Það er mjög erfitt fyrir alla þá sem eru í kringum 30 ára aldurinn, þeir verða oft mjög metnaðarfullir og fara ekki eftir innsæinu. Það sem ég meina með innsæi er til-finning innra með þér sem segir að það sé ekki rétt að halda áfram, þó svo að þú sjáir ekki neina ástæðu hvers vegna eigi ekki bara að halda áfram. Kannski ekki veðrið, aðstæður eða félagarnir, heldur eitt-hvað annað. En þegar þér finnst þú ættir ekki að halda áfram þá verðurðu að bregðast rétt við og fara ekki. Stundum segir innsæið að nú sé tími að kýla á það og reyna að komast á toppinn, þegar allt er í lagi. Auðvitað á maður ekki að kýla á það nema allt sé rétt.

En, allir þessir strákar sem hafa dáið ... stundum verð ég mjög dapur. Ég sakna þeirra, sérstaklega menn eins og George Bettembourg, Alex McIntyre og Nick Escourt, þeir voru mjög nánir vinir. En þegar ég hugsa um þetta þá finnst mér ég stundum vera mjög sterkur. Og frekar en að hætta að klifra, þá hugsa ég um það hvað þeir voru að gera og þetta fær mig jafnvel til að vilja klifra enn erfiðar. Fyrir þá og okkur öll sem klifrum.

— Svo þú hugsar aldrei um að hætta, gerast kannski bara venjulegur kennari eins og í gamla daga?



Árið 1977 kleif Doug, ásamt Chris Bonington fjallið Ogre (7290 m). Þetta var í fyrsta skipti sem þetta fjall var kliftið. Á leiðinni niður urðu þeir fyrir slysi og Doug braut báða fætur. Niðurferðin tók viku og varð Doug að skriða alla leiðina. Ljósm. Clive Rowland. (Tekið úr Mountain).

— Stundum, það gæti verið áhugavert. Ég mundi alltaf vilja lifa í fjöllunum og stunda einhvers konar klifur. Mér finnst mjög gaman að þvælast einn um og klifra í klettum (nú kemur löng þögn, en svo heldur Doug áfram). Svo er það annað við leið-angra. Það er, að það er ekki slæm hugmynd að reyna að hætta þessum „ofur-kröftugu karl-rembu“leiðöngrum. Og ég held að kannski nær vera kvenna, kærustur og eiginkonur í höfuðbúðum t.d., hjálpi mikið til þess að mykja andrúms-loftið. Jafnvel vinir sem ganga með þér inn að fjallinu. Svo höfuðbúðirnar geta verið afslappaður staður á milli undirbúnings og fjallgöngutúra, koma niður, slappa af og byggja sig upp aftur. Hug-sjónin í þessu væri að vera litill hópur af kliffrum sem styddu hvern annan og þættu vænt um hvern annan, svo hægt væri að byggja upp meiri kraft og orku en einn klifrari gæti með sjálfum sér. Þannig að hér væri um að ræða einhverskonar hóp-orku það hjálpar þér að komast upp.

— Þetta hljómar næstum eins og þú sért að koma þér frá venjulegu samfélagi manna, þegar konur



Kangchenjunga, NV-hlið, sem Doug kleif 1979. Ljósm. Doug Scott.

og börn eru með í leiðangrum. Hverjar eru skoðanir þínar á því hvernig við lifum hérrna á Vesturlöndum. Nú hefurðu komið býsna viða við?

— Ja, þetta er ein af ástæðunum fyrir því að það er mjög gott að koma hér á norðurslóðir. Canada, British-Columbia til vina sem búa þar. Baffin-eyju til eskimóana, til Íslands og Noregs. Fólk virðist lifa aðeins hægar en í Englandi og Evrópu. Og sérstaklega á stöðum eins og Afganistan, Pakistan, Indlandi og Nepal. Serparnir, búddistarnir, þeir lifa mjög afslöppuðu lífi. Gera fáa hluti vel í staðinn fyrir að gera marga hluti illa. eins og ég geri oft, alltaf á ferðinni. Og eru miklu hagsýnari í hugsun. Líka gleymir maður sér oft í áhyggjum af stöðugri ógnun bombunnar og kjarnorku. Vanda-mál mengunar, orkuver spúandi eiturefnum út í andrúmsloftið og eitrandi skóga og vötn. Þetta gerir mann áhyggjufullan og líka maturinn sem við borðum. Það er búið að gera svo margt við hann að þú kaupir sjaldnast það sem þú heldur að þú sért að kaupa. Þetta allt fær þig til að hugsa um hversu langt þetta eigi að ganga áður en fólk breytist.

— Hvað finnst þér svo um Ísland og klifur á Íslandi?

— Mér finnst það nokkuð heilbrigtt. Ég er mjög


hissa á því, að allir þeir klifrarar sem ég hef hitt hér, eru góðir í ís. Mátti þó búast við því, þetta er jú ís-land. Og ég held að þið séuð betri en meðal-klifrarar á Bretlandi. Í klettum held ég að þið ættuð að ná lengra. Náttúrulega vegna þess að þið hafið ekki svo mikið af klettum og út af veðrinu. Þið verðið bara að ferðast og klifra í klettum, sem er svo aftur á móti mjög dýrt. En ég er viss um að þið ættuð að geta náð eins langt og menn geta yfirleitt. Það er áhugavert hversu mikið er klifið hérrna, meira en ég bjóst við. Sérstaklega í kringum hæsta tindinni í Hrútsfjallstindum. Í leiðinni sem ég kleif, þá var þetta stór ísfoss í byrjun hennar og leiðin í sömu stærðargráðu og úti í Ölpum. Greinilega hægt að gera fleira í þessum dúr. Og svo mikið brautryðjendastarf sem hægt er að gera. Þið strákar gætuð alltaf verið að gera eitthvað nýtt í hvert skipti sem þið farið eitthvað, og alltaf byrjað án þess að vita hvernig endirinn verður. Enginn verið þar áður, og það er gaman að fara nýjar leiðir, veitir mikla fullnægingu. Eins og Cicero sagði: „Það er alltaf hið óþekkta sem heillar mann mest“.

— Að lokum. Hvar vildurðu vera helst núna?

— Í bakgarðinum heima að yrkja jörðina (hlær).

Viðtal: Þorsteinn Guðjónsson

# Broddi á Bretlands- eyjum



*Broddi á Under  
Cracer E1 (5.9),  
Baggi Point.  
Ljósm. Alan Watson.*



Tom Tomas, breskur klifrarri i erfiðu þaki í Llanberis pass. Ljósm. Broddi Magnússon.

Í júlí-mánuði hélt Broddi Magnússon til Bretlands til að stunda klettaklifur og skoða sig um.

Sumarið 1983 kom breskur leiðangur við á Akureyri, á leið sinni til Grænlands. Broddi kynntist einum úr þessum leiðangri, Breti að nafni Alan Watson. Alan þessi bauð síðan Brodda að heimsækja sig, sem hann þáði.

Broddi og Alan héldu fyrst til í klettunum nálægt Bristol, þar sem heitir Avon-Gorge. Þar voru þeir í eina viku og klifu tvær leiðir á hverju kvöldi (Alan var í vinnu á daginn). Leiðir þessar voru flestar u.p.b. 1 spönn og klifu þeir félagar erfiðast 5.8.

Síðan var haldið til Manchester á mótorhjóli og áfram til Skotlands. Þar dvöldu þeir í eina viku en gátu lítið klifrað vegna slyss sem Alan varð fyrir á mótorhjólinu. Þó fóru þeir hinn fræga Cullin-hrygg á Skay, sem er mjög langur, en ekkert erfiður samt. Og eina leið í Glen Etive, 250 m langa og 5.8 (HVS). Þessi leið var mjög erfið en í henni fólst hliðrun sem er 5.10 án fleyga (þ.e. ef hún er klifin frítt).

Þá var haldið aftur suður og alla leið til Wales.

Þar er þorpið Llanberis, og rétt hjá Llanberis-pass þar sem mjög gott er að klifa. Þar fór Broddi fullt af leiðum í frábæru bergi, og í frábæru veðri nær allan tímann. Alan þurfti að hverfa á braut þar, en Broddi varð eftir og hélt uppteknum hætti við dýrkunina á því sem einungis er handfylli af hér heima. Broddi leiddi leiðir allt upp í 5.10 og var það allt fritt klifur, þ.e. eingöngu voru notaðar hnetur og vinir (friends). Og að sögn Brodda voru klifrararnir barna í Wales mjög góðir, klífandi 5.11 leiðir. Á kvöldin var síðan skroppið á þöbbana, þar sem alvöru kráarstemming var ríkjandi og drukkið heill Dionysus með ómenguðum vökva.

Broddi fór einnig að skoða tvær Clog-verksmiðjur, sem hann sagði að hefði verið mjög áhugavert. Og hélt síðan heim eftir að hafa lifað og hreyft sig í umhverfi sem er mjög frábrugðið hérlandu, þókk sé máttarvöldunum og yfirvöldunum.

...og stemmingin á þöbbunum, maður . . . chears!

Þorsteinn Guðjónsson

# Aconcagua 1984





Á leið upp í búðir 1.



Hermann á ferð.

Útsýni úr búðum 111.



Leiðangurinn á Aconcagua (6964 m) var farinn í jan. 1984. Peir sem tóku þátt í þessum leiðangri voru: Bill Gregory, Pétur Ásbjörnsson, Hermann Valsson og Þorsteinn Guðjónsson. Peir reyndu við hina svokölluðu Pólsku leið norðan megin á fjallinu, fyrst farin 1934. Ekki tókst þeim að komast á toppinn, urðu frá að hverfa í 6400 m. hæð, aðeins ein dagleið á toppinn. Og má segja að aðalástæðan fyrir þessu hafi verið, að þeir félagar hækkuðu sig of greitt og náðu ekki að aðlaga sig nægilega. Hermann gerði síðan aðra tilraun eftir „normal“-leiðinni. Honum tókst að komast á tindinn og varð þar með sá Íslendingur sem hæst hefur komist á fjöllum.

Stóru myndina til vinstri tók Hermann Valsson. Hún sýnir fjallið og leiðangursmenn. Myndirnar á þessari síðu tók Þorsteinn Guðjónsson.

# Fossarnir í skarðinu

EFTIR ARA TRAUSTA GUÐMUNDSSON

— Við látum hann heita Hrynjanda —, sagði einn. Og þar með var það ákveðið. Hinir tveir klifrararnir bogruðu yfir ólunum á mannbroddunum. Það er alltaf þægilegt að losna við járnklærnar af fótunum. Ennþá betra er að geta staðið uppréttur án þess að halla sér móti brekkunni, gæta að því að broddarnir grípi í hverju skrefi eða halda sér.

Nýr ísfoss hafði verið klifinn. Léttirinn eftir spennuna í ísnum og ánægjan yfir laglegri klifurleiðinni gaf tilefni til létts hjals og vafasamra yfirlysinga. Menn stríddu hver öðrum og töluðu um alla hina ísfossana.

Laugardagurinn 26. janúar var einn af sólbjörtu dögum vetrarins, sem voru óvenjulegir sakir stillu og frosts en afar lítlar snjókomu. Fyrir 2 árum höfðu tveir félöganna tekið eftir álitlegum ísrásum norðan við ána skammt frá Þórufossi í Kjósar skarði. Fjalllendið handan við Skálafell, sem er þekkt skíðasvæði austan við Esjuna, sést ekki frá Reykjavík. Þar er m.a. Kjölur, en milli hans og Skálafells er vegur af Þingvallaleið í Hvalfjörð og Kjós. Í miklum snjóalögum síðasta árs var sjaldan fært upp fyrir innstu Kjósarbæina. Þess vegna biðu ísrásirnar betri tíma. Nú gafst tækifærið.

Menn voru heldur undrandi að sjá að rásirnar voru alls ekki áhugaverðar að þessu sinni. En allt í kring var nóg af ísfossum. Í langvinnum frostunum hafði hver spræna orðið að myndarlegum klakabunka og hvert gil að fyrirtaks klifurleið. Minnir það á hve ísklifurleiðir í lægri hæðum eru breytilegar eftir veðurfari. Þetta atriði gerir líka ísfoss-klifur fjölbreytt.

Sá lengsti norðan árinna varð fyrir valinu. Pre-menningarnir fóru varlega yfir brothættan ísinn á ánni um 300 metrum neðan við Þórufoss, síðan upp

lækjarfarveginn að fyrsta þrepinu. Það var um 20 metra hátt í tveimur stöllum og ísinn stórbólstráður. Hallinn um 60 gráður. Menn ákváðu að skiptast á að leiða klifrið. Línan var notuð þegar í þessu þrepri vegna þess að ísflái var neðan við það og hvelfing ofan í hjarnið undir, hvaðan barst lækjarniður. Þangað væri ekki gott að fara. Holu ísfleygarnir gengu treglega í grjótharðann ísinn enda frostið allmikið. Þeir héldu þá betur. Ofan við þreprið var stutt ishaft sem menn fóru lausir og þar upp af var auðveld ganga á hjarni fyrir beygu á gilinu. Nú blasti við meginverkefnið: Stór geil, um 60 metra há, tjölduð ís öðrum megin og hjarnfyllt hinum megin.

Næsti maður tók við. Hann klifraði í línumni beint upp ísinn fyrstu 25 metrana en hliðraði sér svo upp undir lykilstaðinn: Um 20 metra kafla með 8 metra löðréttum ísbunka. Ljósmyndarinn tók myndir í gríð og erg, og kleif á eftir forgöngumanninum, óbundinn þangað til hann tók eftir því að hann var kominn að „traversunni“ og orðið flughátt niður illúðlegan frerann. — Það lak úr mér sjálfstraustið, eins og vindur úr blöðru —, sagði hann í bílnum á heimleid. Hann flýtti sér að binda sig í línumna sem forgöngumaðurinn hafði dregið upp í gegnum milli tryggingarnar og létt hann tryggja sig upp síðustu metrana og festi sig þar með langri ísskrúfu. Síðasti maður kleif upp og losaði sig úr línumni, kafrak ísfleyg og hjó sér dálitla syllu til að hvíla fæturna í. Því miður var ekki rúm fyrir hann við hlið félöganna þar sem megintryggingin sat og átti að þjóna leiðtoga síðustu spannarinnar. Þar með var síðasti maður upp beint undir efri hluta spannarinnar. Það sýndi sig að verða upphafið að nafngift leiðarinnar: Hrynjandi.



Í skarðinu. Ljósm. Hreinn Magnússon.

Félaginn leiddi spönnina með glans; setti millitryggingu í miðja lóðréttuna, aðra í hallann þar fyrir ofan og vippaði sér upp á brún; allt á 10 mínútum. Á meðan dundi klakahriðin á síðasta félaganum sem grúfði sig í skoru og emjaði öðru hvoru. Hann fékk svo þá blöndnu ánægju að hreinsa millitryggingarnar út á uppleið en það er ákaflega lýjandi verk.

Að lokum sneiddu þremenningarnir upp bratta hjarnfönn á stuttan hrygg. Þar sá niður gilskorning sem sýndist fær ofan fjallið.

Á leiðinni kom tillagan um nafnið fram. Hrynjandi ísmolar og klakahellur voru í fersku minni. Hrynjandi er 3. gráðu leið, ef til vill með hreyfingu af 3+ gráðu.

Viku síðar héldu kunningjarnir enn í skarðið. Að þessu sinni fóru þeir í suður; stefndu á gil ofan við bæinn Efri-Háls. Þar sást í margþrepa ísfoss. Á leiðinni stjákluðu þeir yfir litla gilskoru og læk en komu þar á eftir að upphafinu: 70-80 gráðu ísfossi, um 15 metra háum. Þar upp var farið eftir öllum kúnstarinnar reglum og ísinn var harður sem gler. Stuttur holffleygur (snarg) virtist geta haldið fil í slíku færi. Fyrir ofan tók við freðinn lækjarfar vegurinn upp að 40-50 gráða bröttum flúðum sem menn fóru „sóló“ – óbundnir og allir „upp á sína“.

Þá beygði gilið og opnaðist í furðuheim kubba-bergs, stuðla og móbergs. Framundan var tölувert hátt hamrabelti með a.m.k. þremur lænum. Ein skartaði háu grylukertatjaldi og skoðuðu þremenningarnir undir það en upp komust þeir ekki því yfirleitt náðu kertin ekki niðurundan hjarninu. Sú hin önnur lænan var álitlegust: 80-90 hæðar metrar. Klifrið hófst á 5-6 metra lóðréttu hafti, þá kom snarbrött hjarn- og ísbrekka inn að dálítilli kverk. Þar fyrir ofan varð leiðin brattari, viða um 80 gráður og endaði í hengju. Þarna fór öll línlengdin út og millitryggingarnar urðu þrjár. Uppi var strekkingur og línan líktist helst vírteini þar sem forgöngumaðurinn tók hana inn um HMS-karabínu í aðaltryggingunni (eitt snjóakkeri og tvær ísaxir). Giskað var á að frostið (með vindkælingu) væri vel yfir 20 stig. Viða var samt vatnsýringur á leiðinni upp. Það skýrði ástand línnunnar. Og þar með var lika fundið nafn á leiðina: Lekandi; í stil við Hrynjanda hinum megin í skarðinu eða öllu heldur í dalnum. Lekandi telst vera af 3. gráðu. Líklegt er að Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson hafi farið þessa leið fyrstir, a.m.k. efsta hlutann, árið 1981. Á heimleið var skimað eftir fleiri fossum. Þeir sáust margir og í einhverja var farið síðar. En það er önnur saga.

# Alpar! Hér erum við

EFTIR

GEST GEIRSSON, GUÐJÓN SNÆ STEINDÓRSSON  
OG AGNAR JÓN GUÐNASON

Í júlí sl. fórum við 3 félagar úr Hjálparsveit skáta í Garðabæ, og Ísalp, á 6 daga námskeið hjá hinum bekkta International School of Mountaineering, ISM, í Sviss.

Á fyrsta degi var farið í grjótnámu eina til að kanna getu okkar nemendanna í klifri. Þar æfðum við klifur og tryggingar og enduðum á að stigaklifra 20 m háan slúttandi vegg af gráðunni A-2. Næsta degi var eytt í skriðjöklí við ísklifuræfingar og var áhugavert að fylgjast með kennurunum enda engir aukvisar á ferð, Mark Higgins og Steve Jones. Þeir kenna báðir í hinum bekkta ísklifurskóla í Glenmore Lodge í Skotlandi, svo og Guy

Neidhardt sem tvisvar hefur farið til Himalaya að klifra.

Þriðja daginn klifum við svo 450 m háan kletta-vegg, Mirror Wall, sem Pat Littlejohn hefur lýst sem skemmtilegustu D-gráðu sem hann hefur klifið. Fjórða daginn fórum við svo að landamærum Sviss og Frakklands í þorp sem heitir La Foaley. Þaðan gengum við svo upp í skála í um 2600 m hæð. Daginn eftir ætluðum við svo að klífa Mont Dolent (u.p.b. 3800). Á þessu fjalli mætast landamæri Sviss, Ítalíu og Frakklands. Lögðum við af stað um nóttina og vorum komnir upp á topp eftir um fimm tíma ferð. Leiðin lá um brattan skriðjökul



Camonix . . Mont Blanc (4807 m).

og endaði í 300 m langri  $45^{\circ}$  snjóbrekku. Af toppnum héldum við niður til Ítalíu og þaðan aftur til La Foaley. Þar sváfum við eina nótt en morguninn eftir klifum við Amone Slab, 400 m háa leið og gráðaða TD+. Við vorum 3 1/2 tíma á leiðinni sem er einhver skemmtilegasta klifurleið sem við höfum farið. Sama dag og við vorum þarna, var klifurkappinn Michel Darbellay að kenna nokkrum ungmennum að klifra. En hann var fyrstur manna til að klifa norðurvegginn á Eiger, solo. Eftir þetta lauk námskeiðinu með bjórsumblí i Leysin í Sviss, var sem skólinn hefur aðsetur. Eftir skólann fórum við félagarnir til Chamonix í Frakklandi og ætluðum að dvelja þar í fjöllunum í 11 daga.

Fyrstu tveir dagarnir fóru í að átta sig á staðháttum og koma sér fyrir á tjaldstæði sem heitir Les Arolles, en við mælum ekki með því vegna leiðinlegs umsjónarmanns (konu) sem hvorki skildi ensku né þýsku, nema þegar talað var um peninga.

Fyrst ætluðum við að klifa Aiguille D'Argentiere, 3900 m. Á leiðinni í skálann röltum við á Petite Aig. Verte, 3500 m, til að eyða tímanum í eitt-hvað annað en björþamb, sem er allsráðandi í frönskum fjallaskálum. Um nóttina gerði þrumur og eldingar og á eftir fylgdi úrhellisrigning sem hélst næstu daga. Lítið varð úr fjallgóngum og fórum við niður í Chamonix og héldum kyrru fyrir næstu daga, meðan veðurguðirnir helltu sér yfir fjöllin. var tímanum eytt á bar og í búðarráp enda af nægu að taka. En loks rofaði til og við ákváðum þá að reyna við hæsta fjall Evrópu, Mont Blanc, 4807 m. Héldum við upp hefðbundna leið og sváfum eina nótt í Gouter skálanum, nóttina eftir lögðum við af stað ásamt „hefðbundnum“ fjölda manna, 2-300 manns. En ekki vorum við lausir við bölvun veðurguðanna. Er við vorum komnir upp í Vallot skálann (neyðarskýli í 4400 m hæð) var veðrið orðið svo slæmt að ekki sást út fyrir gulu lambhúshettuna. Þar eyddum við svo næsta sólarhring einhvers staðar á milli svefn og vöku. Vel var þróngt, því við vorum 50-60 þarna í skýlinu sem tekur 12 í svefnpláss. Ekki var vistin góð, matarlausir og vatnslitlir en höfðum það þó sæmilegt undir stiga þar sem pláss var fyrir einn liggjandi. Sumir þurftu að sitja eða jafnvel standa megnið af tímanum. Allir höfðum við það þó af að komast á toppinn sólarhring á eftir áætlun. Veðrið á toppnum var stórkostlegt, sól og blæjalogn. Niðurleðin gekk stórslysalaust og hélt tilhugsunin um bjór okkur við efnið á fremur tilbreytingarlausri leið. Ekki varð meira úr fjallgóngum í þessari ferð og stigum við út úr flugvélinni í Keflavík í sunnlenska rigningu eftir lærdómsrikt sumarleyfi.

# Þessir hafa styrkt útgáfuna

## Útivist

Lækjargötu 6 – Sími 14606

## Rafkraft hf.

Grensásvegi 5 – Sími 81750

## Rakarastofan Dalbraut

Dalbraut 1 – Sími 686312

## Timburverslun Árna Jónssonar og Co. hf.

Laugavegi 148 – Símar 11333 – 11420

## Teigabúðin

Kirkjuteigi 19 – Sími 32655

## Verkfraðistofa Guðmundar Magnússonar

Hamraborg 4 – Sími 42200

## Radióbúðin

Skipholti 19 – Sími 29800

## Íslensk-erlenda verslunarfélagið hf.

Tjarnargötu 18 — Sími 20400

## Prentstofa Guðjóns Ó. hf.

Þverholti 13 — Sími 27233, 27263

## Offsetvinnustofan REPRÓ

Valgeir J. Emilsson

Hverfisgötu 78 — Sími 25210

# Ársskýrsla stjórnar ÍSALP 1984

1984 var áttunda starfsár Íslenska alpklúbbins. Var þetta ár mjög svipað þeim árum sem undan eru gengin. Félagar í árslok voru um 240 en þar af höfðu 155 greitt árgjald 1984. Það er því aðeins minni félagafjöldi og undanfarin ár. Þó væri eðlilegra að fjölgun ætti sér stað.

Um það bil 550 manns skrifuðu sig í gestabókina á Grensásvegi 5 og er það aðeins færra en árið 1983. Líklega eru gestir þó fleiri því misbrestur er á að gestir skrái nafn sitt í bókina. Menn eru eindregið hvattir til þess að skrifa sig því gestabækur eru gagnleg heimild um starfsemi klúbbins. Húsnæðið var notað fyrir „opið hús“, myndasýningar og fræðsluerindi, stjórnar- og nefndarfundi og undirbúningsfundi fyrir námskeið. Þar er og bókasafn Ísalps til húsa þar sem liggja frammtimarit innlend og erlend til aflestrar og bækur til útlána. Stjórn Ísalps vonar að hægt verði að bæta við titla bókaskrárinnar. Bókavörður var Halldór Guðmundsson.

Út voru gefin tvö blöð með fjölbreyttu efni. Ábyrgðarmaður var Þorsteinn Guðjónsson. Með vaxandi útgáfukostnaði ásamt fleiri þáttum sem lúta að útgáfustarfsemiinni, var ákveðið um haustið að gefa út eitt ársrit í stærra broti. Fréttabréfin verða hins vegar ýtarlegri en áður hefur verið og koma að jafnaði út með 2ja mánaða millibili. Magnús Guðmundsson, fyrrum ritstjóri blaðsins, hefur tekið að sér stóran hluta undirbúnings að hinu nýja ársriti sem væntanlega kemur út á vori komanda.

Tindfjallaskálá er enn í okkar umsjá. Nokkrar lagfæringer voru gerðar á mannvirkini síðastliðið sumar t.d. var skálinn máláður. Auk þess voru flutt upp eftir kol og vistir. Bratti varð fokheldur um haustið 1983. Síðastliðið haust 1984 var lokið við smiði skálans. Hann var klæddur að innan lagt í hann endanlegt gólf, settur upp milliveggur og kojur. Auk þess var komið fyrir nauðsynlegustu hlutum eins og fatasnögum, slökkvitæki, kústi og gisti gjaldsbauk. Þá er aðeins eftir síðasti áfangi verksins, að koma uppeftir dýnum, ljósi, gashellum, borði og stólum. Verkinu hefur stjórnæð Guttormur Þórarinsson.

Fjórar vandaðar myndasýningar voru haldnar á síðasta ári. Torfi Hjaltason sýndi myndir í janúar úr alpaferð sumarið 1983, á Hótel Hofi. Um 40 manns sóttu sýninguna. Önnur sýningin var haldin í mars. Þar sýndu Pétur Ásbjörnsson, Bill Gregory og Þorsteinn Guðjónsson myndir úr ferð þeirra á Aconcagua. Sóttu um 70 manns þá sýningu. Í okt-

óber var hinn kunni Himalayafari Doug Scott hér á landi í boði erlendrar ferðaskrifstofu. Fyrir tilstuðlan Ísalp sýndi hann á Hótel Borg myndir úr Everest leiðangri 1975 ásamt fleiri myndum úr nýlegri ferðum á svipuðum slóðum. Myndasýning hans var á heimsmælikvarða og tókst mjög vel. Varð metaðsókn, um 220 manns. Siðasta myndasýningin var haldin á Hótel Hofi í lok nóvember. Þar sýndu þeir Hreinn Magnússon og Ari Trausti Guðmundsson myndir frá upptöku á nýjustu myndinni um James Bond sem að hluta til var tekin á Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi. Jón Geirsson og Kristinn Rúnarsson sýndu sama kvöld úr Alpaferð þeirra þá um sumarið. 60 manns sóttu þessa sýningu.

Almennar ferðir með Ísalp voru 8 og fjöldi þáttakenda var 63. Þar að aukivoru farnar 4 vinnuferðir í Botnssúlur og 1 í Tindfjöll. Þátttökufjöldi í vinnuferðum var 35. Ferðanefnd sá um ferðaáætlun og skipulagningu ferða. Námskeið voru svipuð og undanfarin ár. Vinsælust voru ísklifur og vetrarnámskeið, en ágætis þátttaka var einnig í klettaklifur-, rötunar- og jöklanámskeið. Hið síðast talda var haldið í fyrsta skipti síðastliðið sumar í Kerlingafjöllum og tókst vel. Þátttakendur og leiðbeinendur voru samtals 48. Íjúní stóðu þeir Pétur Ásbjörnsson frá Reykjavík og Sigurður Árni Sigurðsson frá Akureyri fyrir klifurmóti í Kjarnaskógi við Akureyri. Undirbúningur var góður en þátttaka frekar dræm. Reynsla þeirra mun nýtast ef annað mótt verður haldið. Alls er þetta svipaður ferða- og þátttökufjöldi og áður hefur verið.

Árshátið var haldin í mars og jólahátið á aðventunni. Hvort tveggja var auglýst í fréttabréfinu. Undu menn sér vel í góðum félagsskap fram á morgun næsta dags.

Stjórnarfundir voru haldnir að meðaltali einu sinni í mánuði nema um hásumarið, eða alls 10 sinnum. Stjórnina skipa:

Guðjón Ó. Magnússon, formaður  
Magnús Guðmundsson, gjaldkeri,  
Guttormur Þórarinsson, ritari,  
Torfi Hjaltason, varafirmaður,  
Jón Geirsson, meðstjórnandi,  
Hermann Valsson, meðstjórnandi.

Að lokum vill stjórn Ísalps þakka öllum þeim fyrir samstarfið sem staðið hafa að vexti og framgangi Ísalps á síðasta ári. Einnig er þeim sem notið hafa aðstöðu og aðstoðar Ísalps þakkað fyrir þátttökuna.

Stjórn Ísalp

CARAVAN · CARAVAN

CARAVAN · CARAVAN

# CARAVAN

bregst ekki þegar mest á reynir · bregst ekki þegar mest a reynir · bregst ekki þegar mest á reynir

**útilegubúnaður: svefnþokar**  **bakþokar**  **tjöld** 



Í GLÍMU VID ÓBYGGÐIR ÍSLANDS OG ÓBLÍTT VEDURFAR ER GÓDUR.  
BÚNAÐUR ÓMISSANDI. PÁ ER CARAVAN HINN RETTI VALKOSTUR.

UMBOD:



**VERSLUNARDEILD**

Ferðavörur - Holtagörgum - Sími 81286

SOLUSTADIR:

Kaupfélög og sportvöruverslanir  
um land allt.

CARAVAN · CARAVAN



# Félagsstarfið 1984

## Ferð á Eyjafjallajökul

Páttakendur voru 13 í ferðinni, sem farin var í lok maí. Undirritaður var heldur bágur til heilsunnar og leitaði sér læknishjálpar á laugardeginum þegar aðrir gengu á jökulinn í ágætis veðri. Gist var í Langadal. — T.H.

## Klettaklifurnámskeið

Fyrstu helgina í júní var námskeið í klettaklifri haldið á Þingvöllum, nánar tiltekið í Hvannagjá.

Lagt var af stað frá Grensásveginum snemma á laugardagsmorgnинum og ekið beinustu leið í áfangastað.

Eftir að tjöld höfðu verið reist í gjánni var hópnum skipt og kennsla hafin. Lærðu menn þar klifurtækni þá, að nýta sér sem best festur og sprungur í bergi. Æfingum var síðan haldið áfram til kvölds.

Um kvöldið skemmtu menn sér alllengi útivið, m.a. voru sýndir aðrir notkunarmöguleikar „línunnar“ t.d. sem sjúkrabörur, snú-snú band eða til reipitogs – styrkir mjög línuna. Einnig fór fram á staðnum allsherjar tesmökkun á sérstæðan hátt, á tei frá fjarlægu landi. Ýmsar getgátur voru uppi um efnainnihald tesins, en það verður ekki rakið nánar hér.

Á sunnudagsmorguninn var æfingum haldið áfram í gjánni, m.a. var kennt að tryggja, prússika og síga. Síðdegis lauk svo námskeiðinu og hélt mannskapurinn þá brott af staðnum.

Páttakendur voru 11 og leiðbeinendur Pétur Ás-björnsson og Jón Geirsson. — M.J.

## Námskeið í Kerlingarfjöllum

Sú hugmynd skaut upp kollinum að rétt væri að efna til einhvers konar jöklanámskeiðs sem fæli í sér mikilvægustu atriði varðandi ferðir á jöklum. Það

skyldi ekki taka til klifurs af neinu tagi heldur til þess hvernig ferðast megi á sem öruggastan hátt. Námskeiðið var svo haldið helgina 13.-15. júlí.

Á undirbúningskvöldi vár fjallað um útbúnað, þ. a. m. fatnað og fjallgöngubúnað, sýndar glærur og litskyggur og í tengslum við þær rætt um leiðaval og hegðan á jöklum. Einnig voru kenndir helstu hnútar og kynntar aðferðir við björgun úr sprungu.

Í fyrstu litu bílamálin óvenju vel út en á síðustu stundu hætti einn bíverjinn við og var þá skammur tími til athafna. Til bjargar urðu dularfull tengsl kennaranna við Hjálparsveit skáta í Reykjavík – með diplómatískum viðræðum við innstu koppa í búri sveitarinnar fengu þeir samþykkt að nokkrir örmjóir Ísalparar sem ekki komust í bílinn hjá Gutta fengu að smjúga með í hina árlegu fjölskylduferð H.S.S.R. í Kerlingarfjöll. Þó að ekki megi skilja orð míin svo, að ég telji börn hjálparsveitarmanna eithvað ódælli en önnur börn, þá má samt telja það tölverða karlmennsku hjá Ísölpurum að ganga um borð í hjálparsveitarbílinn. Þegar þeir skreiddust út úr bílum í Kerlingar fjöllum mátti sjá að þeir höfðu sloppið mjög vel, höfðu aðeins hlotið rispur, marbletti, höfuðhogg og að sjálfssögðu skerta heyrn. Ljóst var að sunnudagurinn ætti eftir að nýtast illa þar sem sveitin hugðist leggja af stað í bæinn á hádegi enda blessuð börnin þá orðin nokkuð skapstyggr og tekin að ráðast viðstöðulaust á dýr og dauða hluti við minnsta áreiti.

Á laugardagsmorguninn fórum við snemma á fætur og gengum upp í hliðar Mænis. Þar voru kennd öll grunnatriði vetrarfjallamennsku og nemendur látnir æfa björgun og notkun trygginga. Þar með tókst að ljúka yfirferð yfir námsefnið en morguninn eftir hefði gjarnan mátt gefast betri tími til æfinga.

Af gefnu tilefni er rétt að leggja áherslu á að þeir sem útvega bíla í ferðir láti fararstjóra vita með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast hætta við páttöku til þess að ráðrúm gefist til að fá annan bíl.

Átta tóku þátt í námskeiðinu auk tveggja kennara sem voru Guðmundur Guðbjörnsson og Ólafur Baldursson. — Ó.B.



Frá klettanámskeiði. Ljósm. Snævarr Guðmundsson.



Ísklifurnámskeið. Ljósm. Margrét Júliusdóttir.

## Hamarinn

Farin var ferð á Hamarinn (1573 m) í vesturbrún Vatnajökuls um verslunarmannahelgina. Á föstudagskvöldi var farið í Jökulheima. Á laugardegi var ekið um frekar torfærar slóðir inn að Sylgjujökl og gengið þaðan yfir hann að og á Hamarinn í ágætasta veðri. Þetta var 25 km. gangur fram og til baka, allt á jöklum. Við komum til Jökulheima aftur eftir miðnættið. Á sunnudegi voru Heljargjá og Gjáfjöll skoðuð í fremur þungbúnu veðri. Fararstjóri var Guttormur og þáttakendur 10 alls. — M. G.

hneigingu hjólbarða ökutækjanna til að springa. Fyrir utan þessi smávægilegu óhöpp heppnuðust námskeiðin mjög vel. Tjaldað var í báðum tilvikum undir Grýtutindi og kennt í Gígjöklinum í góðu veðri, laugardag og sunnudag. Kennsla var bæði fyrir byrjendur og framhaldsnemendur.

Þáttakendur voru 24 og leiðbeinendur þrír báðar helgarnar: Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson og Torfi Hjaltason. — M.J.

## Snæfellsjökull næstum því

Níu klúbbfélagar tóku þátt í ferðinni, sem farin var seint í október. Farið var vestur á laugardagsmorgni og ákveðið að fara á jökul á sunnudag. Tíminn var dreppinn í Dritvik og nágrenni. Á sunnudag var veður að sjálfsögðu heldur verra en þó var farið áleiðis á jökulinn frá Dagverðará en snúið frá í snjómuggu við jökulbrún. — T.H.

## Ísklifurnámskeið

Námskeiðinu var að þessu sinni skipt niður á tvær helgar 15.-16. sept. og 22.-23. sept.

Báðum ferðunum var það sameiginlegt að aksturinn tók lengri tíma en þurft hefði, vegna til-



Frá klettanámskeiði. Ljósm. Snævarr Guðmundsson.



Ísklifurnámskeið. Ljósm. Margrét Júliusdóttir.

## Hamarinn

Farin var ferð á Hamarinn (1573 m) í vesturbrún Vatnajökuls um verslunarmannahelgina. Á föstudsíðkvöldi var farið í Jökulheima. Á laugardegi var ekið um frekar torfærar slóðir inn að Sylgjujöklum og gengið þaðan yfir hann að og á Hamarinn í ágætasta veðri. Þetta var 25 km. gangur fram og til baka, allt á jöklum. Við komum til Jökulheima aftur eftir miðnættið. Á sunnudegi voru Heljargjá og Gjáfjöll skoðuð í fremur þungbúnu veðri. Fararstjóri var Guttormur og þátttakendur 10 alls. — M.G.

## Ísklifurnámskeið

Námskeiðinu var að þessu sinni skipt niður á tvær helgar 15.-16. sept. og 22.-23. sept.

Báðum ferðunum var það sameiginlegt að aksturinn tók lengri tíma en þurft hefði, vegna til-

hneigingu hjólbarða ökutækjanna til að springa.

Fyrir utan þessi smávægilegu óhöpp heppnuðust námskeiðin mjög vel. Tjálfað var í báðum tilvikum undir Grytutindi og kennt í Gígjöklínnum í góðu veðri, laugardag og sunnudag. Kennsla var bæði fyrir byrjendur og framhaldsnemendur.

Þátttakendur voru 24 og leiðbeinendur þrír báðar helgarnar: Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson og Torfi Hjaltason. — M.J.

## Snæfellsjökull næstum því

Níu klúbbfélagar tóku þátt í ferðinni, sem farin var seitn í október. Farið var vestur á laugardagsmorgni og ákveðið að fara á jökul á sunnudag. Timinn var drepinn í Dritvík og nágrenni. Á sunnudag var veður að sjálfsögðu heldur verra en þó var farið áleiðis á jökulinn frá Dagverðará en snúið frá í snjómuggu við jökulbrún. — T.H.



*Snæfellsjökull. Ljósm. Magnús Guðmundsson.*

## Rötunarnámskeið

Námskeið í rötun og notkun áttavita var haldið dagana 12. og 14. nóvember. Seinna kvöldið var æfing utandyra, þá var gengið eftir áttavita fyrir ofan Geitháls. Námskeiðið tókst í alla staði mjög vel. Þátttakendur voru 8 og leiðbeinandi Einar Þ. Strand. — M.J.

## Vinnuferðir

Hér fer á eftir frásögn af þeim vinnuferðum sem farnar voru síðastliðið haust og vetur, í Botnssúlur og Tindfjöll.

Síðsumars var farin ferð á Botnssúlur og unnið úr því efni sem var á staðnum. Þá var byrjað á því að klæða skálann að innan með asfalt-soðnu trétexti og 10 mm. krossviði þar yfir. Þá helgi náðist að klæða skálann með trétextinu og norðurvegginn með krossviðnum. Nokkru seinna um haustið var farin ferð með talsvert af timbri. Hluti af því var í kojur og annað í millivegg. Ekki komst allt efnið uppeftir vegna slæmrar færðar. Megin áherslan

var lögð á að klæða veggina með krossviðnum og leggja endanlegt gólf. Næstu helgi á eftir var aftur farið af stað og það sem eftir var af timbrinu borið uppeftir. Þessa helgi var mikið smiðað. Meðal annars var slegið upp millivegg, reistar kojur með bráðabirgða botnum. Gengið frá áfellum við glugga og margt fleira. Síðan leið nokkur tími þar til aftur var farin ferð í Botnssúlur. Í febrúar á þessu ári bauðst Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík til þess að flytja kojubotna, dýnur, gasofn og borð upp í Bratta með snjósleðum. Þar með var Bratti svo úr garði gerður að ekki þarf að væsa um nokkurn mann sem hann gisti.

Það sem er á döfinni er að hlúa að skálanum með grjóthleðslu og mála hann að utan. Vonandi tekst og það í sumar

Tindfjallaskáli var málaður sl. summar að utan. Einnig var farið með vistir og kol uppeftir eins og venjulega. Ljóst er að innan tíðar þarf að skipta um þakjárn, því það sem fyrir er, er orðið lélegt.

Vinnuferðir í Botnssúlur og Tindfjöll hafa verið og verða í framtíðinni talsverður þáttur í fjölbreyttu félagslífi ÍSALP. Af fenginni reynslu þarf engu að kvíða með áhugasamt vinnufólk í vinnuferðir. — G.P.

# Botnssúlur

Botnssúlnaferð var farin 8.-9. des. með dræmri þáttöku. Þrír voru þeir í Súlnadalnum þessa helgi.

— M.J.

## Myndakvöld

Fjögur ágætlega sótt myndakvöld urðu á árinu með vönduðu myndefni frá fjallasvæðum þriggja heimsálfa, auk mynda frá upptöku James Bond myndar.

Fyrsta myndakvöld ársins var haldið 18. janúar að Hótel Hofi. Þar sýndi Torfi Hjaltason myndir úr ís- og klettaklifri í frönsku ölpunum. M.a. sýndi hann myndir úr ferð á Brenva-hrygg á Mt. Blanc.

Á sama stað var myndakvöld þann 7. mars. Þá lýstu þeir Pétur Asbjörnsson, Bill Gregory og Þorsteinn Guðjónsson ferð til Argentínu, á hæsta fjall Vesturálfu, Aconcagua.

Þrátt fyrir verkföll prentara og opinberra starfsmanna tókst að auglýsa myndasýningu Doug Scott sem haldin var á Hótel Borg 31. október. Áhorfendur vantaði ekki að myndaröð hans frá Everest leiðangri 1975. Einnig sýndi hann myndir úr nýlegri ferðum á svipuðum slóðum.

Í lok þessarar fjölmennu sýningar var sala á plakötum gerðum eftir nokkrum mynda hans, ennfremur bauð Doug Scott til sölu bók sína.

Síðasta myndakvöld ársins fór fram að Hótel Hofi í lok nóvember. Að þessu sinni voru þeir Hreinn Magnússon og Ari Trausti Guðmundsson með myndir frá upptöku á nýjustu myndinni um James Bond sem að hluta til var tekin á Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi. Einnig sýndu þeir Jón Geirsson og Kristinn Rúnarsson myndir úr Alpafærð þeirra þá um sumarið. — M.J.

## Jólaglögg

Jólaglögg ÍSALP klúbbsins var haldin þann 19. des. Anna Lára sá um rúsínulöginn, en með drykknum var boríð fram bakkelsi og annað góðgæti. Ýmsar skemmtilegar sögur voru sagðar er leið á gleðskapinn og lauk þeim með „The never ending story”. — M.J.



# Fréttapistill



„Engin frétt er góð frétt“ svo segir máltekið. Það getur verið að þetta gildi um hið daglega líf, en þetta er ekki pólitík sem Ísalp-blaðið mótask af. Allar fréttir eru góðar fréttir (með augljósum undantekningum þó), og ég vil hvetja fólk til að láta vita af því hvað það er að gera, vegna þess að þessi pistill á að þjóna því hlutverki fyrir framtíðina að skjalfesta hvað er að gerast og hvað hefur gerst, mönnum til gagns og gamans. (PG)

## Klettar

Klettaklifur sumarsins 1984 mótaðist hérra sunnanlands af veðrinu. Heldur meir en venjulega vegna vætusams tiðarfars. Þó stunduðu menn Stardalinn og Þingvellina að einhverju marki. Og mátti á stundum, sjá töluverðan hóp klifrara í Stardalnum á einum og sama degi. Ekki verður of oft brýnt fyrir fólk að sýna tillitssemi og ganga vel um. Allar óþarfa raskanir eru illa séðar (þ.m.t. fleygar).

Nokkrar nýjar leiðir voru farnar, m.a. fór Doug Scott eina nýja í heimsókn sinni haustið '84.

## Utanlandsferðir

Ágústmánuður er oft tími utanlandsferða fjallgöngumanna. Ágústmánuður síðasta árs var þar engin undantekning. Heyrst hefur af töluverðum hópi sem sótti niður í Alpa í leit að „markmiðum“. Þar ber helst að nefna ferð Kristins Rúnarssonar og Jóns Geirssonar þar sem þeir klifu norðurhlíð Aiguille du Plan, T.D. ísklifurleið (sjá grein). Einnig fóru þeir Couturier-gilið á Aiguille Verte (D), Nollen á Mönch (AD), og Brenva-hrygginn á Mt. Blanch (AD+).

Gestur Geirsson, Guðjón Snær Steindórsson og

Agnar Jón Guðnason fóru einnig niður í Alpa á námskeið í Leysin, Sviss. Fóru þeir ýmsar leiðir með skólanum og síðan eftir það á Petit Aiguille Verte og Mt. Blanch. (sjá grein)

Í ágúst fóru Halldór Magnússon, Stefán Axelsson og Ragnar Hilmarsson á námskeið í Bernina Ölpunum. Þræddu þeir leiðir upp á nokkra tinda m.a. Piz Morteratsch (3751) og hina frægu Bianco-grat á Piz Bernina, sem Herman Buhl gerði fræga.

Broddi Magnússon dvaldist um 1 mánuð í Bretlandi og stundaði klettaleiðir með þarlendum vini sínum. Fór hann margar leiðir af ýmsum gráðum (sjá nánar í grein).

fyrstu „alvöru” tilraunina til að kvíkmynda klifur á Íslandi. Mun þetta hafa gengið að óskum. Þeir sem tóku þátt í þessu voru Ari T. Guðmundsson, Höskuldur Gylfason, Hreinn Magnússon, Sigurður Á. Sigurðarson, Birkir Einarsson og Pétur Ásbjörnsen.

Frumsýningartíminn er í óvissu þegar þetta er skrifað.

## Vesturbrúnir

Gott haust varð til þess að hægt var að klífa klettaleiðir langt fram eftir vetri (og reyndar í allan veturn). Og voru menn sérlega duglegir í Esjunni. Margar nýjar leiðir voru farnar eða reyndar við. Jón Geirsson, Snævar Guðmundsson fóru nokkrar leiðir og má þar helst nefna Heljarkamb III/IV gráðu leið. Gil norður af því var farið um jólín af þeim Þorsteini Guðjónssyni, Kristni

## Pumall kvíkmyndaður

Í júlímaði '84 var klifur á Þumal (II/III gr.) kvíkmyndað. Og má segja að þarna sé um að ræða

*Anabasis. Ljósm. Jón Geirsson.*



*Í Vesturbrúnum Esju. Ljósm. Jón Geirsson.*



Rúnarssyni og Jóni Geirssyni og nefnist sú leið Anabasis (III+IV). Í veggnum þar við hliðina reyndu Snævar og Jón við leið í janúar (85) en urðu frá að hverfa negna næturmyrkurs. Og enn norðar sól-leið Jóns Geirssonar.

Og er þá búið að fara í flest augljós gil í Vesturbúnum Esju. (sjá annars leiðarvísir').

## Ísfossar

Og eitthvað voru menn að bisast við ísfossa þennan veturn, þó misjafnlega gengi vegna tíðarfars. Hefðbundnar leiðir hafa verið farnar, og einhverjar nýjar (sjá leiðarvísir). Grafarfossinn hefur verið vinsæll og var hann á tímabili „upptekinn” helgi eftir helgi. Í Kjósarskarðinu fóru Ari T. Guðmundsson, Höskuldur Gylfason og Hreinn Magnússon, nýja ísfossa (sjá nánar grein).

Þumall. Ljósm. Einar Steingrímsson.



## Skarðsheiðin

Ein síðbúin frétt úr Skarðsheiðinni. Óskar Þorbergsson og Björgvin Ríharðsson fóru á Skarðshorn í fyrsta skipti að vetrarlagi, fyrri part vetrar '84. Var þar um mjög erfitt klifur að ræða eða V-gráða (TD gefur kannski betri mynd).

Kristinn Rúnarsson og Jón Geirsson fóru síðan aðra leið þar í febr. 85, sem var IV-gráða (eða D).

Ný leið var farin á NV-vegg Skessuhornsins í klúbbsferð í byrjun mars. Leið þessi liggur vinstra megin (austan) við klettarifið sem er í miðjum veggnum. Leið þessi er áþekk leiðinni hægra megin í veggnum eða ca. IV-gráða (D), og var hún farin sama daginn af sex mönnum. Jón og Snævarr, Kristinn og Þorsteinn, Páll og Broddi, þ.e. 3 reipi.

## Ein síðbúin

Höskuldur Gylfason, Hreinn Magnússon, Árni Árnason og Olgeir Sigmarsson fóru í Suðursveitina Páska '84. Þeir fóru ófarna Hryggjarleið á Vörðu- og Brekkutinda sem eru í Heinabergsfjöllum.

# SAMSKIPTI Á TÖLVUÖLD

Hefur þú heyrt talað um TÖLVU-TELEX?

NÚ ERU TELEXTÆKI ÓPÖRF ÞVÍ TÖLVAN ER TEKIN VIÐ

Með ONE-TO-ONE getur þú sent TÖLVU-TELEX, TÖLVU-BOÐ og TÖLVU-BRÉF um allan heim.

Með ONE-TO-ONE getur þú tengt tölvuna þína beint við telex viðskiptaaðilans og „talað við telex-tækið”.

Með ONE-TO-ONE getur þú tengt tölvuna þína við TÖLVU-BANKA úti í heimi og fengið upplýsingar þaðan.

Nú er betra að fylgjast með því þróunin í samskiptum er hröð.

**HAFÐU SAMBAND OG VIÐ MUNUM VEITA ÞÉR FREKARI UPPLÝSINGAR**

## One-To-One Umboðið

Klapparstíg 16, Reykjavík.  
sími: 27113.

# **FERÐIST ÓDÝRT**

## **FERÐIST MEÐ ÁÆTLUNARBÍLUM**



### **HRINGMIÐI OG TÍMAMIÐI**

er lykillinn að ódýru og skemmtilegu  
ferðalagi um Ísland!



**Ferðaskrifstofa BSÍ**  
Umferðamiðstöðinni  
Reykjavík – Sími 91-22300

# Bakpokar í miklu úrvali



 berghaus

 berghaus

**ÚTILÍF**  GLÆSIBÆ - SÍMI 82922  
104 REYKJAVÍK



# Ævintýri í Hollandi

fyrir pabba, mömmu, börn og bíl

Það er varla hægt að ímynda sér frjálslegra og ljúfara sumarleyfi en „Flug og bíl” í Hollandi. Og það er ekki nærrí eins dýrt og ætla mætti, meðal annars vegna þess að bíla-leigubílar eru ódýrari þar en í nokkru öðru landi í Evrópu, og þótt víðar væri leitað. Um leið og lent er í Amsterdam opnast þúsund möguleikar til að eiga eftirminnilegt sumarfrí. Gamanið byrjar strax í borginni sjálvri því Amsterdam er einstaklega falleg og vingjarnleg borg. Þar er margt að sjá. Það er auðvitað sjálfsgað að fara í siglingu um síkin, því í leiðinni færð þú að vita ýmislegt um borgina og sögu hennar. Og það er gaman að eyða nokkrum dögum í að skoða sögu- legar byggingar og nokkur af merki-legustu listasöfnnum heimsins. Kvöldin eru ekki síðri því á sumrin er götulíf einkar fjörugt og veitingastaðir fleiri og fjölbreyttar en viðast annars staðar.

En þótt Amsterdam sé skemmtileg er óþarfi að eyða öllu sumarfrínu þar, enda stutt út í grösugar sveitir og á staði sem eru vel heim-sóknar virði. Í Hollandi eru fjölmargir gammil kastalar og hallir og líka lítil, aðlaðandi sveitaborp. Það er með Holland eins og önnur lönd í Evrópu að verðlag lækkar töluvert þegar komið er út úr borgunum og því er oft hægt að fá ódýran gistingu og ódýran og góðan mat í þessum lítil sveitaborpum. Svona ferðalög eru ekki síst skemmtileg fyrir börn og ekki sakar að vítt og breitt um



Í Hollandi eru tugir tívörla og skemmtigerða, viðsvegar um landið.

landið eru tugir af tívörlum og skemmtigörðum þar sem þau geta dundað sér tímunum saman.

Það eru auðvitað fleiri möguleikar en að akva um landið. Það mælir til dæmis ekkert gegn því að sameina flugvél, bíl og bát. Framtakssamir menn hafa tekið gamla, dæmigerða fljótapramma og breytt þeim í fljótaudi lúxushótel með gamaldags innrétingum. Í þessum bátum eru allt að tólf tveggja manna klefar, með sturtu og salernum og sameiginlegum matsal og setustofu. Á bátunum er hægt að fara í þriggja til sjö daga siglingar um síki og ár Hollands. Það er stoppað hjá litlum sveitaborpum meðfram ánum og farið á markað eða í gönguferðir. Cordon Bleu matreiðslumeistarar á fljótaudi hótelunum gera sitt besta til að hleypa fólk i spik svo þessar

gönguferðir geta verið dálítið nauðsynlegar.

Ef þú vilt siglingu með dálítið meiri ævintýrablað er hægt að fara í nokkura daga leiðangra á indíána-bátum. Það eru kannske sex til tíu bátar í hverjum leiðangri og róið í rölegheitum eftir ánum inn í landið. Á kvöldin eru bátarnir dregnir að landi á einhverjum friðsælum stað, slegið upp tjöldum og kveiktur varðeldur. Þetta eru pakkaferðir þannig að þú þarf hvorki að hafa með þér indíána-bátinn þinn né tjaldið.

Það er engin hætta á að nokkur verði sjóveikur á lygnum ám Hollands, en ef þú ert bara almennt á móti vatni, og hefur ekki bílpróf, má benda á að Holland er flatara en allt sem flatt er. Og þar er mikill fjöldi af reiðhjóla-legum. Það er töluvert um að ungt fólk ferðist um landið á reiðhjólum og þeir sem eru frekar latir við að hamast á pedölunum geta fengið hjól með litlum hjálparmátor. Þetta er mjög ódýr ferðamáti og góður fyrir „línurnar”.

Frá Hollandi er svo auðvelt að víkka sjóndeildarhringinn með því að keyra þvers og kruss niður um Evrópu. Þá er það bara tíminn sem þú hefur sem sker úr um hvort þér tekst að heimsækja Þýskaland, Belgíu, Luxemburg, Frakkland, Sviss, Liechtenstein, Austurríki, Monaco, Andorra, Spán, Portúgal, Ítalíu og San Marinó á einu bretti.

Nánari upplýsingar á söluskrifstofu Arnarflugs og á ferðaskrifstofum.

## ARNARFLUG

Lágmúla 7, sími 84477.

## Efnisyfirlit

Aiguille Du Plan .....	Bls. 6
Ástvaldar Eydal minnst .....	— 11
Leiðarvísir: Leiðir í Bratta .....	— 12
Klettaklifurmót .....	— 16
Sithvað um brodda .....	— 18
Að gráða klifur .....	— 22
Leiðarvísir: Esja .....	— 24
Garðyrkja og fjallgöngur: viðtal .....	— 42
Broddi á Bretlandseyjum .....	— 46
Aconcagua 1984 .....	— 48
Fossarnir í skarðinu .....	— 50
Alpar! Hér erum við .....	— 52
Ársskýrsla stjórnar ÍSALP 1984 .....	— 54
Félagsstarf .....	— 56
Fréttapistill .....	— 59

Forsíðumyndina tók Jón Geirsson í hömrúnunum vestan Kerhólkambs, Vesturbrúnunum. Í fjarska sér yfir Kjalarnes.

### ÚTGEFANDI:

Íslenski Alpklúbburinn — Félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku  
Þósthólf 4186, Reykjavík.

### RITNEFND:

Magnús Guðmundsson, ábm. (26357)  
Hermann Valsson (78485)  
Margrét Juliusdóttir (34667)  
Salbjörg Óskarsdóttir (37826)  
Þorsteinn Guðjonsson (32666)

### UMBROT OG FILMUVINNA:


Offsetvinnustofan REPRÓ

### LITGREINING:

Korpus hf.

### SETNING OG PRENTUN:

Formprint



ÁRSRIT ÍSLENSKA  
ALPAKLÚBBSINS  
1. TÖLUBLAÐ  
SEPTEMBER 1985

# Frá ritnefnd

Ágæti félagsmaður og lesandi.

Þetta nýja rit sem þú hefur nú fengið í hendur markar kaflaskil í útgáfumálum Íslenska Alpklúbbins. Héðan í frá verður gefið út eitt svona rit á ári. Umbúnaður er annar, brotið stærra og blaðsíðufjöldinn tvöfaltaður frá því sem áður var. En til hvers gefum við út svona blað? Jú, til að fylgja eftir markmiðum ÍSALP sem eru að styðja og styrkja fjallamennsku á Íslandi. Og hvernig getur svona rit þjónað þessu hlutverki? Okkar hugmyndir eru þessar: Með því að birta frásagnir og myndir af áhugaverðum fjallgöngum og klifri, fræðandi greinar um útbúnað og tæknileg atriði, þætti úr sögu fjallamennsku og skrá þá sögu um leið og hún verður til. Þannig verður ritið í senn fréttablað og heimild fyrir seinni tíma. Síðast en ekki síst á svona rit að vera vettvangur umræðu um þau mál sem í brennidepli eru hverju sinni í tengslum við fjallamennsku. Til að þessi markmið náist þarf virka gagnrýni, sem miðar að því að byggja upp en ekki brjóta niður.

Gott fólk! Útgáfa á riti sem þessu er mjög dýr, raunar svo dýr að það er á mörkunum að Klúbburinn ráði við það. Bjartsýnin ein hrekkur ekki til, hvort framhald verður á útgáfunni í þessu formi veltur á viðtökum ykkar. En, ef allir borga árgjöldin skilvislega þurfum við ekki að kviða framtíðinni.

Magnús og Þorsteinn

### STJÓRN ÍSALP:

Formáður: Guðjón Ó. Magnusson (77753)  
Gjaldkeri: Guttormur Þórarinsson (22712)  
Ritari: Magnús Guðmundsson (26357)  
Varaform.: Torfi Hjaltason (667084)  
Meðstj.: Hermann Valsson (78485)  
Jón Geirsson (42133)

### FERDA- OG FUNDANEFND:

Guðjón Ó. Magnusson, form.  
Hermann Valsson

Jon Geirsson  
Petur Ásbjörnsson (41428)

BÓKAVÖRDUR:  
Halldór Guðmundsson (686090)

### FRÆÐSLUNEFND:

Torfi Hjaltason, form.  
Arnór Guðbjartsson (54754)

Helgi Benediktsson (79605)

HUSVERÐIR:  
Finnbogi Rognvaldsson  
Halldór Guðmundsson

### SKÁLANEFND:

Guttormur Þórarinsson, form.  
Guðjón O. Magnusson

Jon Geirsson  
Jon H. Olafsson (36082)  
Jon Rafnsson (79605)

# koflach 85

Leiðandi merki í  
fjallgönguskóm.  
Notaðir af fremstu  
fjallamönnum Íslands



Thomas Bubendorfer ráðgjafi Koflach í gerð klifurskófatnaðar.

## Viva Soft

Sumar- og vetrar-fjallaskór.  
Hálfstífur, henta sérstaklega vel  
fyrir björgunarsveitir og þá sem  
gera kröfur.



## Big Wall

Klettaklifurskór fyrir erfiðar  
og meðalerfiðar klettaleiðir.

## Polo

Léttir plastgönguskór, fyrir  
allar almennar léttar  
göngur.

## Lhasa

Ahlíða léttir og meðfærilegir  
gönguskór. Fyrir léttu göngu.



# Vesturröst hf

Laugavegi 178, R.,  
sími 16770 — 84455

# Kynnist Íslandi af eigin raun.

Ferðafélag Íslands býður upp á fjölbreytt ferðaúrval.

Í árbókum Ferðafélagsins er að finna lýsingu á mest öllu Íslandi.

Hafið Íslandskort Ferðafélagsins með í ferðalagið. Það er einnig vegakort.

**Ferðafélag Íslands**

Kynnið ykkur Ferðaáætluhina.



## Ísalp félagar

Ferðafélagið hefur nýlega gefið út bókina „Gönguleiðir að Fjallabaki”, höfundur er Guðjón Ó. Magnússon.

Þetta er handhæg bók, sem hefur að geyma bæði leiðalýsingar og margvíslegan fróðleik annan um Friðlandið að Fjallabaki.

Guðjón Ó. Magnússon  
Gönguleiðir að Fjallabaki



Ferðafélag Íslands

**Fæst hjá Ferðafélagi Íslands og í bókabúðum**

# Aiguille Du Plan

EFTIR KRISTINN RÚNARSSON



*Aiguille Du Plan (3673 m).*

„Hvar eru þeir? Sérðu þá?“

„Ég sé allavega einn þarna fyrir ofan ljósa blettinn“, svaraði Jón. Ég rýndi upp í klettavegginn og reyndi að fylgja eftir handarbendingu Jóns. Sá marga ljósa bletti en engan mann.

„Peir hljóta að vera hérna neðst, það heyrist svo vel í þeim.“

„Nei“ svaraði Jón ópolinmóður, „hann er þarna lengst uppi.“

„Ja, skítt með það. Þetta hlýtur að vera dvergur,“ tautaði ég, leiður á að sjá aldrei það sem aðrir sáu.

Við undirritaður og Jón Geirsson, vorum staddir undir norðvesturvegg Aguiile du Blaitiére í frönsku ölpunum. Ætlunin var að klífa nágrannafjall Blaitiére, Ag. du Plan (3673 m). Leiðin sem við ætluðum var bæði ís- og klettaklifurleið (TD), sem bauð upp á að vera klifin í tveimur áföngum. Fyrst upp klettabrygg sem skagaði upp í hangandi falljökul. Efst á hrygnum var yfirleitt bívakkað en síðan lagt í falljökulinn seinnipart nætur þegar jökkullinn var öruggastur.

Það var einhver þægileg ró yfir okkur þennan sólbjarta dag enda höfðum við daginn fyrir okkur til að klífa 500 m langan klettabrygginn. Jón

byrjaði á að leiða. Ég hélt áfram að rýna upp í norðvesturvegg Blaitiére, meðan línan rann út. Loks kom ég auga á mann, og annan. Stærðin á veggnum hafði blekkt mig, hann var mikil stærri en ég hélt. Áður en ég vissi af var ég farinn að dunda mér við að telja klifrarana í veggnum. Ég hafði talið tólf þegar ég finn að línan kippir í. Ég öskra upp til Jóns og legg af stað þegar ég fæ öskur til baka. Klifrið reynist hið skemmtilegasta, í bergi sem á ekki sameiginlegt með íslensku móbergi en nafnið eitt.

Þegar ég kem upp að Jóni segi ég honum sigri hrósandi frá þeim tólf sem ég hafði séð á Blaitiére. Hann spælir mig með því að segjast hafa talið fimmtán. Ég held áfram og nýt þess út í ystu æesar að klifra rólega og yfirvegað. Veg og met hverja festu og hverja hreyfingu. Reyni síðan að samræma hug og hönd, en geri svo eitthvað allt annað en ég hafði hugsað mér.

Það var farið að halla af degi þegar við komum loks að ákjósanlegri bívakksyllu ofarlega á hrygnum. Þar voru að vísu fyrir 5 eintök af vel græjuðum Spánverjum, en þeir tóku okkur opnum örnum og buðu okkur glaðir að deila með sér syll-



Í klettunum neðst í Plan. Ljósm. Jón Geirsson.

unni. Jumarar, vinir, hnetukippur og ísskrúfusett báru þess vitni að þetta voru pottþéttir menn og fixuð lína upp frá syllunni gaf til kynna að seinustu spannirnar upp að jöklinum höfðu verið kannaðar af pottþéttum mönnum.

Eftir að hafa hitað okkur vatn og juðað í okkur snackpott og öðru matarkyns tókum við til við að dúða okkur í allt sem dúðast mátti. Mér var orðið reglulega hlýtt og það var notalegt að horfa á ljósin niðri í dalnum og hlusta á kliðinn frá næturlífinu í Mekku alpaklifrarans, Chamonix, meðan ég sötr-aði í mig heitt kaffið 2000 m ofar. Annað slagið hrökk ég þó upp af unaðslegum næturlífsdraum-órum mínum við ógnvekjandi drunur frá hangandi falljöklinum, þegar hann ruddi fram af sér dags-verkinu.

Þó að syllan sem við höfðum hreiðrað um okkur á hallaði huggulega innávið, þótti okkur samt öruggara, að setja um okkur línu og tryggja okkur fyrir svefninn svo að ferð okkar inn í draumalandið fengi ekki harkalegan endi 400 m neðar.

Ég rankaði við mér eftir hænublund að því er mér fannst. Mér var hrollkalt. Ég hugsaði með öfund til Spánverjanna sem allir höfðu haft

svefnpoka og dýnur. Ég reyndi aðeins að hreyfa mig en þá skrjáfaði svo í hlífðarfötunum að mér fannst sem það bergmálaði í fjöllunum. Ég blótaði sjálfum mér fyrir að hafa ekki haft rænu á að vefja mig í álteppið sem ég var með. Að taka það upp núna myndi kosta gífurlegt skrjáfur.

Þetta var óþægileg aðstaða. Ég hafði um two kosti að velja, báða slæma. Annað hvort að skjálfa áfram eða vekja sex manns af værum blundi. Eins og sannri hetju sæmdi valdi eg verri kostinn.

Hljóðið var eins og þegar rifinn er upp tveggja fermetra franskur rennilás og sex manns vöknudu. Enginn sagði orð svo heyrði ég að Spánverjinn sem svaf mér til fóta reis snöggt upp og horfði til mína. Ég sá ekki svipinn á honum en ímyndaði mér hann. Upp í huga mér kom sagan af spænska vörubil-stjóranum sem henti konunni sinni út um gluggann af því að hún hraut. Ósjálfrátt fékk ég reflex í lappirnar sem drögust að mér.



Klukkan tvö bíbbaði úrið mitt og ég ræsti liðið, nú með góðri samvisku. Klukkutíma seinna, í þann



Kristinn reimar skóna sína á syllunni, þar sem þeir létu fyrirberast um nöttina. Ljósm. Jón Geirsson.

mund er við vorum að leggja af stað, var næturkyrðin rofin með griðarlegum skruðningum. Enn var það jökullinn að minna á tilveru sína. Ákveðið var að fresta brottför um klukkutíma í þeirri von að um hægðist á jöklínnum.

Það kom sér ágætlega fyrir okkur að Spánverjarnir höfðu kannað leiðina upp að jöklínnum, því hún reyndist drjúg og ekki auðrötud í myrkruinu.

Það er alltaf viss stemning að klifra í næturkyrðinni. Horfa á höfuðljósið á næsta manni ruggast ofurhægt að manni eða frá. Myrkrið og kyrrðin valda því að menn ósjálfrátt lækka róminn og hálf hvílast á milli. Engin öskur og engin köll. Maður einfaldlega finnur það á einhvern ofurskynjanlegan hátt hvenær línan er komin á enda eða félagi manns er búinn að tryggja.



Þegar við komum upp að jöklínnum eru þrír Spánverjarnir lagðir af stað, hinir tveir að broddast.

Annar þeirra ber sig aumlega við okkur, segist vera veikur og sníkir vatn. Ég aumka mig yfir hann og horfi síðan á hann með samúð teyga helminginn úr vatnsbrúsanum mínum.

Fyrstu ísspannirnar voru ekki erfiðar en við fengum þó sýnishorn af því sem koma skyldi. Ísinn var grjótharður og stökkur. Oftar en ekki sprengja axirnar bara ysta lagið án þess að festast. Eftir fjórar spannir án trygginga höfum við náð hinum Spánverjunum þremur. Einn þeirra er að pjakka sig upp 25 metra háan ísvegg og virðist allt annað en ánægður með útlitið.

„Heldurðu ekki að það sé betra að fara þarna út fyrir?“, segi ég við Jón, alltaf reiðubúinn að finna einhverjar billegar lausnir. Jón leit þangað sem ég benti, að jaðri jöklusins þar sem virtist vera flái upp.

„Mér líst ekki alltof vel á að fara undir þessa séraca þarna“, svaraði hann síðan eftir smá umhugsun. Eftir að hafa rökrætt málid um stund ákveðum við þó að skoða þá leið.

Við virtumst hafa veðjað rétt því þegar við komum út fyrir ísvegginn og séracana blasti við okkur löng ísbrekka, sem var líkleg til að spara okkur talsvert skriðjöklus- og sprunguklifur.

Jón byrjaði á að leiða og fór greiðlega. Þegar línan var runnin öll út setti hann inn millitryggingu, og við klifum báðir í einu. Eftir 150 m vorum við komnir ísbrekkuna á enda, komnir upp undir kletta. Nú var komið að mér að fara á undan. Eini möguleikinn var að traversa inn á falljökulinn. Eftir 20 m setti ég inn millitryggingu, eftir 10 m í viðbót setti ég inn aðra.

„Hver djöfullinn er þetta, er brattinn að aukast eða er það bara ég sem er taugaóstyrkur“, hugsaði ég með sjálfum mér. Ég hélt áfram, blótaði svo sjálfum mér fyrir að setja ekki lykkju í millitryggingarnar þegar ég fann hve viðnámið á línumi var orðið mikið.

Eftir að hafa traversað um 100 m varð mér ljóst að ísbrekkan okkar góða var rifin frá falljöklínnum með 20-30 m háum ísvegg. Við vorum hundrað metrum of ofarlega til að komast auðveldlega út í falljökulinn aftur. Ég hélt þó áfram aðeins lengra í bjartsýnistrippi um að finna hið ómögulega, auðvelda leið úr ógöngum.

„Mér líst ekki alltof vel á framhaldið“, sagði ég við Jón þegar hann kom þar sem ég hafði tryggt hann.

„Gætum þurft að síga.“

„Nei, er það“, svaraði Jón, ekki alls kostar sáttur við þessa tillögu.

Eftir að hafa leitt út fimm metra af ísveggnum í tilraun til að skáskera hann niður stoppaði Jón. leit